Að venju eru nokkrar breytingar á starfsmannaskránni. Eftirtaldir kennarar láta nú af störfum: Steinunn Þorsteinsdóttir og Viðar Hrafnkelsson láta af kennslu í stærðfræði. Aðalheiður Ásgrímsdóttir, Daði Sverrisson og Bjarni Már Gylfason láta af störfum en þau kenndu viðskiptagreinar, Bryndís Íris Stefánsdóttir, raungreinar, Guðbjörg Tómasdóttir, dönsku, Hafsteinn Þór Hauksson, lögfræði, Marion Wiechert, þýsku og Bragi Þór Valsson, kórstjóri. Einnig lét af störfum Axel Gunnlaugsson, fjarnámsstjóri. Ég þakka þeim öllum fyrir farsæl störf í þágu skólans. Nýir kennarar sem koma til starfa fyrir skólann eru: Harpa Jónsdóttir, Ásta Jenný Sigurðardóttir og Bergþór Reynison en þau munu öll kenna stærðfræði, Gunnhildur Inga Þráinsdóttir og Guðrún Aldís Jóhannsdóttir, viðskiptagreinar, Guðrún I. Karlsdóttir og Halldóra Ósk Hallgrímsdóttir, íslensku og Sigríður Gunnarsdóttir, ensku. Selma Þórunn Káradóttir og Ragnhildur Hrönn Sigurðardóttir munu kenna raungreinar og Ólafur H. Árnason, lögfræði. Sigurlaug Kristmannsdóttir mun taka við starfi fjarnámsstjóra. Adda S. Jóhannsdóttir mun koma sem nýr liðsmaður á bókasafn. Svava Þorsteinsdóttir stærðfræðikennari og Margrét Geirsdóttir, bókasafnsfræðingur fara í ársleyfi frá skólanum.

Loks vil ég geta Þorvarðar Elíassonar skólustjóra sem lét af störfum nú í haust eftir 26 ára glæsilegan feril í starfi. Ég er því líka nýr hér á þessum vettvangi eins og þið, þriðjubekkingar

góðir og nýir kennarar, þótt ég hafi verið ráðinn frá 1. janúar síðastliðnum og hafi því það forskot á ykkur að hafa kynnt því ágæta fólki sem hér starfar. Mér þykir því eðlilegt að segja nemendum nokkur deili á mér í upphafi. Ég lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri vorið 1970, tók síðan BA próf í íslensku og sagnfræði í HÍ og lauk meistaraþrófi í sögu 1980 og uppeldis- og kennslufræði 1981. Með háskólanámi kenndi ég í Hagaskóla og vann hjá Alþingi en að námi loknu kenndi ég í Laugalækjarskóla, en starfaði frá 1979 í Fjölbrautaskólanum við Ármúla sem kennari, aðstoðarskólameistari og skólastjóri.

Einhverjar breytingar fylgja alltaf nýju fólki, það liggur í hlutarins eðli, en ég vil fara mér rólega, því að best fer á því í skólum að breytingar komi hægt og hljótt en ekki með bægslagangi. Hér hefur ríkt regla, námsframboð er traust og ég vil að svo verði áfram. Hér á að vera heimilislegur agi, sem ég kalla svo, en hann er farsæll fyrir allt nám og samskipti nemenda og starfsfólks. Mér finnst gott að setja sér einkunnarorð í starfi og skólanum finnst mér hæfa einkunnarorðin þekking-virðing-frumkvæði-farsæld. Kennsla byggist á þekkingu og nemendur læra því aðeins að gagnkvæm virðing ríki í kennslustofunni og í samskiptum yfirleitt milli manna. En menn verða líka að sýna frumkvæði til að auka velferð sína, því að þekking ein sér tryggir ekki framfarir og farsæld, en efnaleg og andleg farsæld er það sem við öll sækjumst eftir.

Með sínum hætti má líkja námi í framhaldsskóla við fjallgöngu. Þeir sem eru að stíga fyrstu sporin eru í neðstu hlíðum, en þeir sem lengra eru komnir nálgast tindinn. Gróður er þar reyndar snauðari en í neðri hlíðum, en útsýni er til allra átta. Og það er einmitt það sem er eftirsóknarvert með menntun. Nám tryggir mönnum meira útsýni yfir þjóðfélagið og frelsi til að velja. Á leiðinni upp á fjallið átta margir sig á hver áhugasvið þeirra eru eftir að víðsýni eykst, og nám tryggir að menn læra til ákveðinna starfa sem þeir hafa hug á að takast á hendur. Aðrir *lenda* í einhverju starfi sem veitir þeim litla og jafnvel enga lífsánægju. Það eru forréttindi ykkar að eiga þess kost að stunda nám sem í senn á að veita ykkur lífsfyllingu og leiða til starfa sem þið hafið ánægju af að vinna. Það er eftirsóknarvert að hlakka til að fara í vinnuna sína eins og við gerum öll sem vinnum í Versló.

Ágætu nemendur.

Ein mest selda bók síðustu ára heitir Alkemistinn og er eftir Paolo Coelho, portúgalskan rithöfund. Hún fjallar um fjárhirði á Spáni sem einn góðan veðurdag selur allar kindurnar sínar og leggur af stað áleiðis til Egyptalands að leita að fjársjóði eða örlagakosti sínum, eins og það heitir í sögunni, hann langar til þess að höndla hamingjuna eins og okkur öll langar. Ungi maðurinn átti nokkrar kindur sem hann flakkaði með eftir veðri og vindum og hvar beit var að fá. Hann þekkti þær allar út í hörgul, vissi hvað þær átu, þekkti þarfir þeirra og kunni að slátra þeim og gera sér mat úr þeim. Hver dagur var öðrum líkur í lífi hans, ekkert kom á óvart. Hann þekkti kindurnar, þær þekktu hann. Allt var eins og í gær. Þetta er líka áhyggjulaust líf þar sem allt er í svo föstum skorðum. Við sækjumst eftir að lifa í öryggi en viljum eftir sem áður að sláttur daganna sé fjölbreytilegur og að minnsta kosti líflegri en hjá fjárhirðinum.

Í leit sinni að hamingjunni heimsækir pilturinn vitring sem býr í háreistri höll sem er full af listaverkum. Pilturinn spyr vitringinn um leyndardóm hamingjunnar og hann segir drengnum að skoða höllina og listaverkin og koma svo til sín og fá svarið, en lét hann síðan fá teskeið með tveimur dropum af olíu "og gættu þess að olían glutrist ekki niður," sagði vitringurinn. Og svo fór drengurinn með teskeiðina og skoðaði öll þau undur sem voru í höllinni og kom síðan dolfallinn til vitringsins og sagði honum frá því sem hann hafði séð. "En hvar eru droparnir tveir af olíunni sem ég fól þér? spurði vitringurinn". Drengurinn leit í skeiðina og sá að hann hafði misst þá niður og þá sagði vitringurinn: "Leyndardómur hamingjunnar felst í að sjá öll undur veraldarinnar og gleyma aldrei olíudropunum tveim í teskeiðinni" Ég endurtek þetta, nemendur:

"Leyndardómur hamingjunnar felst í að sjá öll undur veraldarinnar og gleyma aldrei olíudropunum tveim í teskeiðinni."

Og þannig er það. Olíudroparnir eru tákni um það sem menn *eiga* að gera til þess að standa undir nafni. Vanræki þeir skyldu sína, svíki þeir þann málstað sem þeim er trúað fyrir, þá skipta öll undur veraldarinnar ekki lengur máli, menn munu einungis njóta þeirra skamma stund eins og drengurinn, rétt á meðan hann hljóp í gegnum höllina.

Við upphaf ferðar sinnar í Afríku fór pilturinn inn á veitingastað og þar gaf ungur maður sig að honum og talaði sama mál og talaði svo slétt og fagurlega að pilturinn afhenti honum allan farareyri sinn, allt það fé sem hann fékk þegar hann seldi kindurnar sínar. Og hann sá það aldrei meir, ungi maðurinn hvarf í mannþröngina.

Mér finnst þetta minna svolítið á nútímann. Hvað dýnur ekki á okkur af alls konar fagurgala um eitt og annað sem við glepjumst af og týnum farareyri okkar? Hver hefur ekki látið freistast af skrumi augnabliksins og glatað sumarhírinni? Námið hér á að tryggja að þið verðið gagnrýnin og sjálfstæð í hugsun og sjáið sannleikann bak við hávaða dagsins og veljið sjálf ykkar slóð en látið ekki teyma ykkur eins og kindurnar í Alkemistanum.

Ég ætla **ekki** að segja ykkur hvernig sagan endar en ráðlegg öllum að lesa bókina. Ég get þó sagt að drengnum tekst ætlunarverk sitt þótt niðurstaðan komi skemmtilega á óvart. Hann finnur fjársjóðinn í lífi sínu af því að hann skildi mál hjartans og hann sýndi þá þrautseigju og kjark sem þarf til þess að komast yfir þröskulda lífsins.

Að sínu leyti eruð þið nemendur eins og drengurinn. Þið komið hingað leitandi á unglingsárum og farið héðan eftir fjögur ár með ákveðin markmið í huga. Ég segi ekki að þið finnið hér ykkar orlagakost en þó lætur það nærri um býsna marga. Hér eignist þið trausta vini sem fylgja ykkur til æviloka, hér kynnist þið ástinni eins og drengurinn og hér breytist þið úr unglíngum í full-orðið fólk.

Það skiptir því höfuðmáli að nýta tímann til hins ítrasta. Þið eigið sífellt að gæta þess að glutra ekki niður olíudropunum og ef ykkur tekst það þá munuð þið líka njóta þess undurs sem lífið er á þessum hraðfleygu árum þótt einstaka tímar séu jafnlengi að líða og aðfangadagur á æsku-árum. Ég þykist vita í ljósi reynslunnar að einhver ykkar munu eiga í vandræðum með dropana í teskeiðinni og jafnvel teskeiðina sjálfa af því að undur framhaldsskólans eru svo mikil og nýstárleg í augum nýliðanna. Ég minni því enn og aftur á piltinn í Alkemistanum. Hann nær takmarki sínu þótt droparnir glutruðust niður í fyrstu tilraun. Hann sá að sér og öllum verður okkur einhvern tímann á í messunni. Hann öðlaðist samt hamingjuna. Þeir sem hins vegar týna teskeiðinni líka, þeim eru allar bjargar bannaðar.

Ég óska öllum nemendum farsældar og góðs gengis í námi og leik og með þeim orðum segi ég Verzlunarskóla Íslands settan í 101. sinn.

Þriðju bekkingar!

Þið eigið að lokinni þessari athöfn, að koma hingað inn í Bláa sal. Hér mun Ingi Ólafsson, aðstoðarskólastjóri, ræða við ykkur og vísa til vegar. Blái salurinn, þ.e. sá salur þar sem við erum nú, er hátíðarsalur skólans. Hingað inn má aldrei fara með gosdrykki eða matvæli.

Efri-bekkingar!

Þið eigið að fara í ykkar heimastofur. Þær eru læstar en verða opnaðar þegar umsjónarkennari kemur til að taka manntal eftir fáeinar mínútur. Ef þar eru engir stólar bið ég ykkur að sækja þá hingað á Marmarann. Að bera 700 stóla á fáum mínútum er of mikið fyrir húsvörð okkar.

Honum er því hjálpar vant. Kennarar ganga í stofur og heilsa upp á ykkur að loknu manntali umsjónarkennara. Því verki á að vera lokið fljótlega eftir kl.12. Heimastofulistar og bekkjalistar hafa verið festir upp á töflur hér í kringum Marmarann.

Kæru nemendur.

Ég óska ykkur góðs gengis í námi og leik á komandi vetri.

Það er einlæg ósk mín að þið megið öll finna gleði í átökum ykkar við nám og skóla og ykkur sjálf.

Munið að þið komuð hingað til þess að svífa yfir slána en ekki til þess að hlaupa undir hana. Verzlunarskóli Íslands er settur.

Námsefni og kennsla

Alþjóðafræði

V. bekkur, alþjóðadeild:

Markmið: Að nemendur öðlist þekkingu og skilning á alþjóðamálum og sögu og hlutverki þeirra alþjóðastofnana sem Íslendingar eiga aðild að. Þá fái þeir staðgóða yfirsýn yfir álitamál varðandi utanríkisstefnu landsins og innsýn í vandamál þróunarlanda og ríkja A–Evrópu.

Námslýsing: Í alþjóðafræði í 5. bekk er fjallað um alþjóðastjórnsmál og kenningar um þau, hnattvæðingu, utanríkisstefnu Íslands fyrr og nú og þær alþjóðastofnanir sem Ísland á aðild að, ekki síst Evrópusamvinnu ýmis konar. Þá er sérstaklega litið til ríkja í Afríku og A–Evrópu.

Kennslugögn: Stefán Karlsson: *Alþjóðastjórnsmál*. Reykjavík, Iðnú 1999. Jón Ingvar Kjarran og Eiríkur K. Björnsson: *Leshefti í alþjóðafræði*. Reykjavík, VÍ 2005. Myndefni, ljósrit og annað aukaefni frá kennurum.

VI. bekkur, alþjóðadeild:

Markmið: Að nemendur öðlist þekkingu og skilning á stjórnsmálum og viðskiptaumhverfi valinna ríkja í Austur– og Vestur–Evrópu. Enn fremur að þeir fái staðgóða yfirsýn yfir viðskiptahegðun í Asíu og Suður–Ameríku.

Námslýsing: Í alþjóðafræði í 6. bekk er fjallað um ríki Austur–Evrópu og Vestur–Evrópu, viðskiptaumhverfi þeirra og stjórnsmál. Enn fremur er viðskiptahegðun í Asíu og Suður–Ameríku tekin til umfjöllunar.

Kennslugögn: Jón Ingvar Kjarran og Eiríkur K. Björnsson: *Lesefni í alþjóðafræði*. Reykjavík, VÍ 2005. Kaj Hildingsson: *Austur-Evrópa*. Reykjavík, 1994. John Mole: *Mind your Manners*. London 2004. Richard R. Gesteland: *Cross–Cultural Business Behavior*. Kaupmannahöfn, 2003.

Alþjóðahagfræði

VI. bekkur, alþjóðadeild:

Markmið: Að nemendur öðlist skilning á helstu kenningum og hugtökum alþjóðahagfræðinnar, viti um helstu stofnanir alþjóðasamfélagsins og hlutverk þeirra. Að nemendur geti upp á eigin spýtur nálgast upplýsingar um íslenskt efnahagslíf og efnahagslíf annarra þjóða. Að nemendur geti tjáð sig munnlega og skriflega um samskipti Íslands við önnur hagkerfi.

Námslýsing: Hugmyndir og kenningar um milliríkjaviðskipti eru reifaðar og fjallað er um alþjóðlega samvinnu og alþjóðavæðingu í efnahagsmálum. Alþjóðlegar stofnanir og samtök sem eru virk á efnahagssviði eru kynnt og athuguð, einkum í ljósi áhrifa sem þau hafa á íslenskt efnahagslíf. Fjallað er um einkenni fjölþjóðafyrirtækja og um alþjóðleg gjaldeyrisviðskipti.

Komið er inn á vanda þjóða þriðja heimsins og samskipti þeirra við iðnvædd velferðarþjóðfélög. **Efnisatriði:** Gengiskerfi, fríverslunarsamningar, ESB, EES, Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO), Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF), tollar, alþjóðleg verkaskipting og viðskipti, fjölþjóðafyrirtæki, alþjóðlegir gjaldeyrismarkaðir, spákaupmennska, vanþróun, þróunarkenningar, þróunaraðstoð.

Kennslugögn: Leshefti tekið saman af kennara.

Bókfærsla

Námsefni í bókfærslu er skipt í fimm stig sem hér segir:

- 1. stig:** Frumatriði í dagbók, opnanir, færslur og lokanir, fábrottnir og hreinir reikningar (um 15 reikningar).
- 2. stig:** Dagbók og reikningsjöfnuður, blandaðir reikningar (um 20 reikningar).
- 3. stig:** Flóknar færslur og blandaðir reikningar, tölvubókhald, sem er kennt sem sér áfangi
- 4. stig:** Fræðileg bókfærsla í framhaldi af 3. stigi. Kynntir um 40 nýir reikningar og millifærslur í reikningslokun.
- 5. stig:** Fræðileg bókfærsla í framhaldi af 4. stigi, breytingar á réttarformi, fjárhagsleg endurskipulagning, samruni og slit fyrirtækja. Uppgjör samkvæmt sjóðs- og bankahreyfingum (sjóðsstreymi). Skattauppgjör.

Efnisskipan: **III. bekkur: 1. og 2. stig (allir bekkir)**
IV. bekkur: 3. og 4. stig (viðskiptadeild)
VI. bekkur: 5. stig (viðskipta- og hagfræðideild)

Kennslugögn: Bókfærsla 1A og 1B eftir Tómas Bergsson er kennd í III. bekk. Bókfærsla II eftir Tómas Bergsson er kennd í VI. bekk. Í VI. bekk eru kennd tvö hefti tekin saman af Valdimari Hergeirssyni og Tómasi Bergssyni.

Danska

III. bekkur:

DAN102 (haustönn):

Námslýsing: Farið var yfir 4 kafla í aðalkennslubókinni *Dansk er mange ting* og unnið með eftirfarandi þemu: *Mobilen, Kost og motion, Ung i Danmark og At rejse er at leve* auk ýmissa efnistengdra aukaverkefna. Lögð var áhersla á nákvæmnislestur og uppbyggingu orðaforða.

Einnig voru teknar fyrir 3 smásögur úr smásagnasafninu *Ungdom og galskab: Globryllup, Ispigen, Sønneren* og tóku nemendur próf að lokinni yfirferð. Nemendur hlustuðu sjálfstætt á 13 þematengd hlustunarverkefni og tóku tvö tímapróf í þeim. Í málfræði var farið í notkun sagnorða, fornafna og spurnarorða og verkefni unnin í málfræðiheftinu *Sådan siger man*, auk þess sem nemendur unnu sjálfstætt æfingaverkefni á netinu.

Nemendur lásu einnig sjálfstætt skáldsöguna Hvid sommer til skyndiprófs. Að auki unnu nemendur tvö hópverkefni, “*Weekendtur til København*” sem þeir kynntu munnlega og bekkjarblað um “*Sundhed*”. Ein dönsk kvikmynd var sýnd á önninni og skriflegt verkefni unnið. Nemendur skrifuðu logbog/leiðarbók, sem er ritunarbók um það sem unnið var með í dönsku, ásamt eigin dagbók og öðru tilfallandi efni. Árangur var greinilegur hjá þeim sem unnu hana vel og reglulega. Áhersla var lögð á að þjálfra talfærni nemenda jafnt og þétt með fjölbreytilegum verkefnum og æfingum.

Kennslugögn: *Dansk er mange ting*, lesbók með verkefnum og hlustunarefni. *Sådan siger man*, málfræðibók. *Ungdom og galskab*, smásagnahefti. *Hvid sommer*, skáldsaga, Internetið, myndbandsþættir, dönsk dagblöð og tímarit.

DAN202 (vorönn):

Námslýsing: Teknir voru fyrir 6 kaflar í aðalkennslubókinni *Dansk er mange ting* og unnið með þemun *Aktuelt, København, I det fremmede, Bilen, Unge og penge og Tolerance* auk efnistengdra aukaverkefna. Lesnar voru 3 smásögur: *En morder uden skygge, Ungdom og galskab og De tre dumme svin og den store tykke pulv* og könnun tekin eftir yfirferð þeirra.

Farið var í eftirfarandi málfræðipætti og notkun þeirra þjálfuð: Nafnorð, lýsingarorð, forsetningar og ýmis smáorð. Nemendur hlustuðu sjálfstætt á 12 hlustunaræfingar og tóku tvö skyndipróf. Ennfremur lásu nemendur sjálfstætt skáldsöguna *En, to, tre – nu* til skyndiprófs. Sýnd var ein kvikmynd á önninni og nemendur unnu skriflegt verkefni. Eitt hópverkefni var unnið “*Min interrailtur*” og kynntu nemendur það munnlega í bekknum. Nemendur héldu áfram að vinna sjálfstætt sína logbog/leiðarbók sem reynst hefur góð ritunarþjálfun fyrir þá nemendur sem vinna hana vel og reglulega. Munnleg færni var þjálfuð reglulega, m.a með þematengdum æfingum.

Kennslugögn: *Dansk er mange ting*, lesbók með verkefnum og hlustunarefni. *Sådan siger man*, málfræðibók. *Ungdom og galskab*, smásagnahefti. *En, to, tre - nu*, skáldsaga, Internetið, myndbandsþættir, dönsk dagblöð og tímarit.

III. bekkur – þriggja ára nám:

DAN103 (haustönn):

Farið var í 8 kafla í aðalkennslubókinni *Dansk er mange ting* og unnið með þemun: *Mobilen, Kost og motion, Ung i dag, At rejse er at leve, Aktuelt, København, I det fremmede og Bilen* auk ýmissa efnistengdra aukaverkefna. Nemendur hlustuðu sjálfstætt á 19 hlustanir í tengslum við þemun og tóku tvö skyndipróf. Unnið var með eftirfarandi 6 smásögur: *Sønnen, Globryllup, Ispigen, Ungdom og galskab, En morder uden skygge og De tre dumme svin og den store tykke pulv* og tóku nemendur skyndipróf að lokinni yfirferð þeirra. Lesin var skáldsagan *Hvid sommer* til tímaprófs. Farið var í alla málfræðipætti og notkun þeirra þjálfuð með ýmis konar verkefnum. Nemendur unnu hópverkefnið “*Weekendtur til København*” og kynntu munnlega í bekknum. Ein kvikmynd var sýnd og unnu nemendur skriflegt verkefni.

Mikil áhersla var lögð á þjálfun munnlegrar færni með margs konar verkefnum og æfingum einkum þematengdum. Nemendur unnu sjálfstætt eigin logbog/leiðarbók.

Kennslugögn: *Dansk er mange ting*, lesbók með verkefnum og hlustunarefni. *Sådan siger man*, málfræðibók. *Ungdom og galskab*, smásagnahefti. *Hvid sommer*, skáldsaga, Internetið, myndbandsþættir, dönsk dagblöð og tímarit.

DAN203 (vorönn):

Námslýsing: 2 þemu í kennslubókinni *Dansk mange ting* voru tekin fyrir: *Unge og penge og Tolerance* og 6 þemu í *Top 10: Ud i verden, Gymnasieuddannelse, Unge, At søge job, Fremmede og Efter gymnasiet* auk ýmis konar efnistengdra aukaverkefna. Nemendur hlustuðu sjálfstætt á 18 hlustunaræfingar og tóku tvö skyndipróf. Nemendur lásu sjálfstætt 2 skáldsögur til skyndiprófs: *En, to, tre – nu* og *Andrea elsker mig*. Í málfræði var farið í setningaskipan og hún þjálfuð með verkefnum. Nemendur sáu eina kvikmynd og unnu skriflegt verkefni. Framhald var á leiðarbókarvinnu nemenda sem sýndi greinilegan árangur þeirra sem unnu hana vel og reglulega.

Kennslugögn: *Dansk er mange ting*, lesbók með verkefnum og hlustunarefni. *Top 10*, lesbók með verkefnum og hlustunaræfingum. *Sådan siger man*, málfræðibók. *En, to, tre - nu*, skáldsaga, *Andrea elsker mig*, skáldsaga. Internetið, myndbandsþættir, dönsk dagblöð og tímarit.

IV. bekkur:

DAN212 (haust- og vorönn):

Námslýsing: Teknir voru fyrir eftirfarandi 6 kaflar í aðalkennslubókinni *Top 10: Ud i verden, Gymnasieuddannelse, Unge, At søge job, Fremmede og Efter gymnasiet* auk margs konar efnistengdra aukaverkefna. Nemendur hlustuðu sjálfstætt á 12 hlustunaræfingar og tóku tvö skyndipróf. Lesnar voru eftirfarandi 5 smásögur í nýju smásagnahefti *Danske noveller: Amanda engel, Bossa Nova, Manddagsmorderen, Tornerose uden sko og Angst* og skyndipróf tekið eftir yfirferð þeirra. Einnig lásu nemendur skáldsöguna *Andrea elsker mig* til skyndiprófs. Í málfræði var farið í setningaskipan og hún þjálfuð með verkefnum. Nemendur sáu eina kvikmynd og unnu skriflegt verkefni. Ennfremur héldu þau munnlega kynningu á hópverkefni um ímyndað

"Interrailferðalag" hópsins. Nemendur unnu bekkjarblað þar sem þau, tvö saman, skrifuðu grein um mismunandi efni. Framhald var á logbókar-/leiðarabókarvinnu nemenda sem sýndi greinilegan árangur þeirra sem unnu hana vel og reglulega.

Kennslugögn: *Dansk er mange ting*, lesbók með verkefnum og hlustunarefni. *Top 10*, lesbók með verkefnum og hlustunaræfingum. *Sådan siger man*, málfræðibók. *Andrea elsker mig*, skáldsaga. Internetið, myndbandsþættir, dönsk dagblöð og tímarit.

Eðlisfræði

V. bekkur, stærðfræðideild:

Hreyfilýsing í einni vídd, lögmál Newtons, vinna, orka og afl.

Þrýstingur, vökvar og flæði.

Varmi, hiti, fasaskipti, varmaflutningur.

Rafmagn. Rafhleðsla, lögmál Coulombs, rafsvið og spennan, straumur, viðnám, lögmál Ohms, einfaldar straumrásir, lögmál Kirchhoffs og fjölmöskvarásir. Eðlisviðnám, orkuflutningur og orkutap.

Bylgjufræði, endurkast og brot, samliðun, staðbylgjur, hljóð og hljóðfæri, skystyrkur, Dopplerhrif. Linsur og ljósgeislafræði, samsett linsukerfi. Gerð var útitilraun með samliðun hljóðbylgna á Geirsnefi með góðum árangri.

Kennslugögn: *University Physics* eftir Young og Freedman, ásamt samtíningi frá kennara.

VI. bekkur, stærðfræðideild:

Skriðþungi og varðveisla hans, árekstrar í tveimur víddum, fjaðrandi og ófjaðrandi árekstrar.

Hringhreyfing, miðsóknarkraftur, hornhraði.

Þyngdarlögmál Newtons, stöðuorka í þyngdarsviði, lausnarhraði, brautarhreyfing og Hohmann-brautir.

Vægi og hverfitregða, snúningur stjarnhluta, snúningsorka, regla Steiners, hverfitregða, hverfiþungi og varðveisla hans.

Segulsvið, Lorentzkraftur, segulsvið um vír og lögmál Biot–Savart, span.

Takmarkaða afstæðiskenningin. Lorentzumyndanir; tími, lengd og massi hluta á afstæðilegum hraða, orka og skriðþungi í afstæðiskenningunni.

Geislavirkni, helmingunartími, kjarnaumyndanir.

Frumatriði **skammtafræði**, Bohr-líkanið, ljósraflos, regla de Broglie, óvissulögmálið.

Bylgjujöfnur og smug.

Kennslugögn: *University Physics* eftir Young og Freedman, ásamt samtíningi frá kennara.

Efnafræði

V. bekkur, stærðfræðideild:

Markmið: Að kynna nemendum undirstöðuatriði efnafræði sem þátt í heimsmynd nútímans og veita grunnþekkingu fyrir frekara nám á háskólastigi.

Námslýsing: Saga efnafræðinnar og atómkenningin. Þróun hugmynda um atómið, gerð atóma, lotukerfið, atómmassi, mól og mólmassi. Efnatengi: gildisrafeindir og áttureglan, sameindir, jónaefni og málmar, efnaformúlur. Efnahvörf, efnajöfnur, flokkar efnahvarfa, oxun-afoxun. Efnahvörf og útreikningar, t.d. reikningar byggðir á stilltum efnahvörfum, massamælingar og sýru-basa títrun. Eiginleikar lofta: almennir eiginleikar lofttegunda, loftþrýstingur, ástandsþafna lofta, kjörgas, kenningin um hreyfingu loftsameinda. Efnaorka: inn- og útvermin efnahvörf, varmaþreyingar, hvarfavarmi, fyrsta lögmál varmafræðinnar, varmamælingar, myndunarvarmi og vötnunarorka. Hraði efnahvarfa: framvinda efnahvarfa, árekstrakenningin, þættir sem hafa áhrif á hraða efnahvarfa, gangur efnahvarfa, Haber aðferðin. Atóm og skammtafræði: eðli ljóss, litróf frumefna í loftþam, orkuþrep atóma, þróun skammtafræði, skammtatölur og svigrúm,

orkuþrep vetnis. Lotubundnir eiginleikar frumefna: lotubundin rafeindaskipan og svigrúma-hýsing, rafeindaskipan jóna. Lögum, svigrúm og skautun sameinda, sameindalíkön, skautun tengja, blönduð einkenni tengja.

Kennslugögn: *General Chemistry* (4.útgáfa) eftir Raymond Chang. Verklegar æfingar og viðbótarefni á skólanetinu.

VI. bekkur, stærðfræðideild:

Markmið: Að kynna nemendum undirstöðuatriði efnafræði sem þátt í heimsmynd nútímans og veita grunnþekkingu fyrir frekara nám á háskólastigi.

Námslýsing: Vökvar og föst efni: jónaefni og málmar, bræðslu- og suðumark sameinda, vetnis-tengi og van der Waalstengi, yfirborðsspenna og seigja vökva, eiginleikar vatns, föst efni (jóna-, sameinda- og málmkristallar, stórsameindir og myndlaus efni) og hamskipti. Lífræn efni: virkir hópar, IUPAC-nafngiftakerfið, flokkar lífrænna efna, cis/trans ísómerur, efnahvörf lífrænna efna. Efnajafnvægi: jafnvægisstaða, jafnvægislögmálið, jafnvægisfasti, lofttegundir og blönduð kerfi, þættir sem hafa áhrif á jafnvægi. Sölt í vatnslausn, leysni og leysnimargfeldi, áhrif sameiginlegra jóna á leysni, botnfallsreikningar. Sýrur og basar, sjálfsjónun vatns, jafnvægisfastinn K_v , rammur og daufar sýrur, rammir og daufir basar, pH, fjölróteindasýrur, dúalausnir. Oxun og afoxun, oxunartölur, stilling oxunar-afoxunarjafna. Rafefnafræði: raflausnir, rafhlöður, spennuröð, rafgreining, staðalspenna. Tveir tímar hálfsmánaðarlega í verklegar æfingar.

Kennslugögn: *General Chemistry* (4.útgáfa) eftir Raymond Chang (5. bekkur). Verklegar æfingar og viðbótarefni á skólaneti.

Enska

Enska er kennd í öllum deildum skólans í öllum bekkjum. Fjöldi kennslustunda fer eftir áherslum og markmiðum hverrar deildar. Námsefnið er fjölbreytt og glíma nemendur bæði við efni sem sniðið er að þörfum atvinnulífsins í verslun og viðskiptum auk efnis sem fremur er almenns eðlis, ásamt efni sem tengist sérsviði nemenda eða deildar. Verzlunarskóli Íslands telur nauðsynlegt að nemendur fái eins mikla enskukennslu og kostur er, bæði vegna mikilvægi tungumálsins á alþjóðavettvangi og gildi þess í hugsanlegu framhaldsnámi þeirra. Mikilvægt er að nemendur átti sig á þeirri staðreynd að kunnátta í erlendum málum getur lagt grunn að skilningi, virðingu og umburðarlyndi milli manna og er mikilvæg forsenda farsælla viðskipta og samskipta við einstaklinga af öðru þjóðerni.

III. bekkur:

ENS102 (haustönn):

Námslýsing: Nemendur lesa almenna texta um margvísleg efni sem eru ræddir á ensku og einstaka orð og orðatiltæki þýdd á íslensku. Einstök hugtök eru skýrð á ensku. Stutt verkefni/próf bæði munnleg og skrifleg eru unnin til að þjálfa nemendur í notkun á nýjum orðaforða sem fyrir kemur í lestextum. Sérstök verkefni eru unnin til að þjálfa nemendur í notkun orðabókar. Smásögur eru hraðlesnar svo og ein stutt skáldsaga og úr henni skrifuð ritgerð.

Kennslugögn: May, P., (1999) *Knockout First Certificate -Students Book*, Oxford University Press. *Real English Grammar* eftir Hester Lott, Marshall Cavendish 2005.

Sutcliff, R., *Tristan and Iseult*, A Sunburst Book. *Splinters - a collection of short stories*, (1999) Oxford University Press. Stílahefti fyrir 3. bekk, 2002 útgáfa.

ENS202 (vorönn):

Námslýsing: Nemendur lesa almenna texta um margvísleg efni sem eru ræddir á ensku og einstaka orð og orðatiltæki þýdd á íslensku. Einstök hugtök eru skýrð á ensku. Stutt verkefni/próf bæði munnleg og skrifleg eru unnin til að þjálfa nemendur í notkun á nýjum orðaforða

sem fyrir kemur í lestextum. Sérstök verkefni eru unnin til að þjálfa nemendur í notkun orðabókar. Smásögur eru hraðlesnar svo og ein stutt skáldsaga og úr henni skrifuð ritgerð.

Kennslugögn: May, P., (1999) *Knockout First Certificate -Students Book*, Oxford University Press. *Real English Grammar* eftir Hester Lott, Marshall Cavendish 2005.

The Other Side of Dark eftir Joan Lowery Nixon. *Splinters - a collection of short stories*, (1999) Oxford University Press. Stílahefti fyrir 3. bekk, 2002 útgáfa.

IV. bekkur:

ENS212 (haustönn):

Námslýsing: Í þessum áfanga er byrjað að vinna með viðskiptaensku og er stór hluti áfangans helgaður orðaforða verslunar- og viðskipta. Farið í uppbyggingu verslunarbréfa. Haldið er áfram að rifja upp málfræði og lesnar smásögur og ein skáldsaga og úr henni skrifuð ritgerð.

Kennslugögn: *New Insights into Business. Essential Articles and Short Stories* (Hefti sem selt er á skrifstofu skólans. *Stílahefti* (Hefti sem selt er í skólanum). *Ný ensk málfræði fyrir framhaldsskóla* í þýðingu Elisabetar Gunnarsdóttur

Valbók – *The Hobbit, The Hitchhiker's Guide to the Galaxy, The Curious Incident of the Dog in the Nighttime, The Best Little Girl in the World, The Sisterhood of the Travelling Pants*.

IV. bekkur:

ENS303 (vorönn):

Námslýsing: Haldið er áfram að vinna með viðskiptaensku og byggð upp færni á því sviði málnotkunar ásamt orðaforða. Unnið stórt verkefni á því sviði þar sem nemendur skiptast á verslunarbréfum. Lesnar eru smásögur og skáldsögur og unnin ritgerð. Ein stór munnleg framsaga.

Kennslugögn: Lannon, M., Tullis, G. and Trappe, T., (1998) *New Insights into Business*, Longman. *Essential Articles and Short Stories* (Hefti sem selt er á skrifstofu skólans. *Stílahefti* (Hefti sem selt er í skólanum). *Ný ensk málfræði fyrir framhaldsskóla* í þýðingu Elisabetar Gunnarsdóttur. Valbók – *The Sisterhood of the Travelling Pants* eftir Ann Brashares, *We all fall down* eftir Robert Cormier. *Building Writing Skills*.

V. bekkur, alþjóða-, hagfræði- viðskipta- og tölvu- og upplýsingatæknideild:

Námslýsing: Unnið er áfram með orðaforða og mál viðskiptalífsins en jafnframt hugað að almennum orðaforða. Unnið er að því að þróa ritunarfærni og flutt stór framsaga úr skáldsögu að eigin vali.

Kennslugögn: Stephens, M., *New Proficiency Reading*, Longman Vince, M., Lannon, M., Tullis, G. and Trappe, T., (2000) *New Insights into Business*, Longman. *Stílahefti*. Huxley, A., *Brave New World*, Longman abridged series. A novel of your choice.

V. bekkur, stærðfræðideild:

Námslýsing: Hugað að almennum orðaforða með sérstakri áhverslu á orðaforða vísindanna. Unnið að því að þróa ritunarfærni. Unnin ritgerð úr *Brave New World*.

Kennslugögn: Stephens, M., *New Proficiency Reading*, Longman Vince M, Carey, John, (1996) *The Faber Book of Science*, Faber and Faber Ltd. *Stílahefti*. Huxley, A., *Brave New World*, Longman abridged series. *Choice books or articles*.

V. bekkur, máladeild:

Námslýsing: Unnið er áfram með orðaforða og mál viðskiptalífsins en jafnframt hugað að almennum orðaforða. Unnið að því að þróa ritunarfærni og flutt stór framsaga úr skáldsögu að eigin vali. Að auki er meiri tíma varið í bókmenntarýni en í öðrum deildum:

Kennslugögn: Stephens, M., *New Proficiency Reading*, Lannon, M., Tullis, G. and Trappe, T., (1998) *New Insights into Business*, Longman. *Stílahefti. English and American Short Stories*, ljósritað hefti. Steinbeck, J., *Of Mice and Men*, Longman Literature Series. Hornby, N., *High Fidelity*.

VI. bekkur, alþjóða-, hagfræði- og viðskiptadeild:

Námslýsing: Hugað að almennum nokkuð háþrúðum orðaforða, með tilliti til málsniðs og orðatiltækja. Unnið að því að þróa ritunarfærni og unnin ritgerð úr *Twelve*. Munnlegt próf úr *The Importance of Being Earnest* myndar hluta einkunnar til stúdentsprófs.

Kennslugögn: Stephens, M., *New Proficiency Reading*, Garwood, C., Gardani, G., Peris, E., (1992) *Aspects of Britain and the USA*, Oxford University Press, *Stílahefti*, *Twelve* by Nick McDonell, Wilde, O., (1986) *The Importance of being Earnest*, Longman Study Texts, Longman.

VI. bekkur, stærðfræði- og tölvu- og upplýsingatæknideild:

Námslýsing: Hugað að almennum nokkuð háþrúðum orðaforða, með sérstakri áherslu á orðaforða vísindanna. Unnið að því að þróa ritunarfærni. Munnlegt próf úr *The Importance of Being Earnest* myndar hluta einkunnar til stúdentsprófs.

Kennslugögn: Stephens, M., *New Proficiency Reading*, Carey, John, (1996) *The Faber Book of Science*, Faber and Faber Ltd., *Stílahefti*, *Twelve* by Nick McDonell, Wilde, O., (1986) *The Importance of being Earnest*, Longman Study Texts, Longman.

VI. bekkur, máladeild:

Námslýsing: Enska 6. bekkjar í máladeild fjallar fyrst og fremst um bókmenntir. Fyrri hluti vetrarins fer í *Shakespeare*, kynningu á honum og verkum hans og ítarlega skoðun á *Hamlet*. Seinni hlutinn er helgaður seinni tíma verkum, tveimur nýlegri skáldsögum og einu leikriti frá 19. öld.

Meðfram bókmenntunum er að hluta til haldið áfram að vinna við útvíkkun almenns orðaforða og málnotkunar, en sérstök áhersla er á ritun.

Kennslugögn: *Hamlet*, Stephens, M., *New Proficiency Reading*, *Stílahefti*, *Twelve* by Nick McDonell, Wilde, O., (1986) *The Importance of being Earnest*, Longman Study Texts, Longman.

Félagsfræði

IV. bekkur, félagsfræðabraut:

Markmið: Að gera nemendur hæfari til virkrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Með því að kynnast stjórnámum og stjórnskipan og forsendum þeirra og forsögu, verði nemendur færir um að taka afstöðu til mismundandi samfélagshugmynda á eigin forsendum.

Námslýsing: Í FÉL203 er fjallað um félagsgreinar en einkum um stjórnám; kenningar stjórnámalafræðinnar, kenningar um æskilega samfélagsskipan, stjórnám og stjórnskipan nútímans á Íslandi.

Kennslugögn: Stefán Karlsson: *Stjórnámalafræði: Stjórnámastefnur. Stjórnskipan. Alþjóðastjórnám*. Iðnú, Reykjavík, 2003. Björn Bergsson, o.fl.: *Kemur félagsfræði mér við? Kynning á félagsfræði, skyldum greinum og sýn hennar á samfélagið*. Iðnmennt-Iðnú. Reykjavík, 2004 (bls. 9 – 18; ljósrit frá kennurum). *Bæklingur um Alþingi. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands*.

Fjármál

V. bekkur, hagfræðideild:

Markmið: Að nemendur geti orðið virkir þátttakendur á verðbréfamarkaði í þeim skilningi að þeir geti meðtekið og skilið þær upplýsingar sem fram koma á markaðnum og dregið ályktanir út frá eigin athugunum. Þeir eiga að vera færir um að geta fundið og nýtt sér fjármálaupplýsingar af Netinu. Enn fremur að skilja hvað fjárfestingarreikningar ganga út á og að geta reiknað arðsemi einfaldra fjárfestinga.

Námslýsing: Tímagildi peninga. Fjárfestingarútreikningar og ávöxtunarkrafa. Núvirðis- og afkastavaxtaaðferðir. Mismunandi tegundir skuldabréfa og uppbygging íslenska skuldabréfa-markaðarins. Hlutabréf, verðbréfaþing og vísitölur. Kennitölur. Ávöxtun og áhætta skulda- og hlutabréfa. Notkun staðalfrávíks og fervíka til að reikna áhættu. Fyrirtækja- og markaðsáhætta. Skilvirk eignasöfn, framlína og markaðslína. Kennslan var í formi fyrirlestra og skýringardæma. Nemendur þurftu að vinna verkefni bæði heima og í tímum. Utanaðkomandi fyrirlesari var fenginn og heimsótt voru fyrirtæki.

Kennslugögn: *Verðbréf og áhætta*, útg. VÍB ásamt ítarefni.

Forritun

IV. bekkur, tölvu og upplýsingatæknideild:

Námslýsing: Farið er í helstu þætti í sögu og þróun nútímaforritunar. Í áfanganum munu nemendur fá undirstöðþjálfun í forritun í hlutbundnu forritunarmáli. Lögð verður áhersla á að nemendur temji sér öguð og viðurkennd vinnubrögð við þróun tölvuforrita.

Kennslugögn: Námsefni eftir kennara.

V. bekkur, stærðfræðideild:

Námslýsing: Forritun í Java, þar sem nemendur kynnast helstu skipunum forritunarmála eins og skilyrðissetningum, lykkjum og að skilgreina og nota föll. Einnig er farið í hvað er breyta, hvernig gildistaka fer fram, forgangur virkja og strengjavinnsla.

Kennslugögn: Námsefni eftir kennara.

V. bekkur, tölvu og upplýsingatæknideild:

Námslýsing: Nemendur greina, hanna og forrita hugbúnað með hlutbundnum aðferðum, klasahönnun. Kennar verða helstu aðferðir við gagnaskipan. Nemendur læra hinar ýmsu leiðir til þess að skila frá sér fullbúnu forriti, s.s. greining og hönnun eða frumsmíðaferli. Hópvinnuferli kynnt og prófuð. Skráarvinnsla í forritun verður kennd og nemendur læra hinar ýmsu aðferðir við að lesa og skrifa gögn á disk. Farið verður ítarlega í klasa og uppbyggingu þeirra. Villumeðhöndlun verður kennd, ásamt meðhöndlun á inntaki og úttaki (inntaks/úttaksstraumar). Í áfanganum verður farið sérstaklega í erfðir og mikilvægi þeirra við hlutbundna hönnun.

Kennslugögn: Námsefni eftir kennara.

VI. bekkur, tölvu og upplýsingatæknideild:

Námslýsing: Í þessum áfanga er farið ítarlega í alla þætti forritunar. Farið er nánar í erfðir, frávik og villur ásamt því að kennd er gagnasamskipti á neti. Sérstök rækt verður lögð við það að láta nemendur leysa verkefni í hópum og sem hópur. Farið verður lauslega í leikjaforritun.

Kennslugögn: Námsefni eftir kennara.

Franska

Markmið: Að nemendur geti skilið venjulegt franskt tal- og ritmál og öðlist þá undirstöðu í frönsku að þeir geti fljótlega bjargað sér í frönskumælandi umhverfi.

Námslýsing: Málfræðiþjálfun, lesskilningur, hlustunar- og talæfingar, ritþjálfun. Margvísleg heimaverkefni og skyndipróf tekin á árinu auk minni verkefna og skilaverkefna.

III. bekkur:

Kennslugögn: *Taxi! 1 Méthode de Français + Cahier d'exercices*, eftir Guy Capelle og Robert Menand. Kafla 0 – 16 að báðum meðtöldum.

IV. bekkur:

Kennslugögn: Kaflar 9-16 í *Café Crème 1 lestrarbók og vinnubók* eftir M. Kaneman-Pougatch, S. Trevisi og M.B. di Giura, D. Jennepin. Lesin sagan *Des voisins mystérieux* á haustönn, en á

vorönn voru lesnar smásögur úr bókinni *Quelle histoire* eftir Véronique Lönnerblad, Sylvia Martin og Jens Weibrecht og einnig tvær sögur um Titeuf. Einnig sem unnin voru ýmis verkefni frá kennara.

V. bekkur allar deildir nema hagfræðideildin:

Kennslugögn: Hefti sem kennarar útbjuggu fyrir nemendur. Á haustönn var lesin sagan *La Disparition* eftir Muriel Gutleben. Á vorönn voru lesin fimm ævintýri úr bókinni *Les Contes de Perrault* eftir Charles Perrault, auk þess voru lesnar tvær sögur um Titeuf. Hagfræðideildin var með sama námsefni en auk þess lásu þau 2 sögur um *Le Petit Nicolas* eftir Goscinny et Sempé.

VI. bekkur, alþjóða-og máladeild:

Kennslugögn: Á haustönn voru lesnar smásögurnar *Petite âme*, *Les œufs de Pâques*, *Le dos de la cuillère*, *La sorcière de la rue Mouffetard* og *Le gentil petit diable*.

Í málfræði var farið í *passé simple*, þolmynd, viðtengingarhátt o.fl. Tal og hlustun voru einnig æfð jöfnum höndum.

Á vorönn lásu nemendur smásögurnar *Mon oncle Jules* og *La daube du dimanche*, skáldsöguna *Cyrano de Bergerac* og unnu borgarverkefni á netinu. Einnig var haldið áfram að æfa tal og hlustun. Nemendur lásu frjálslestrarbók og skrifuðu um hana stutta ritgerð.

Nemendur horfðu einnig á tvær kvikmyndir í tengslum við námsefnið.

Gagnasafnsfræði

V. bekkur, tölvu og upplýsingatæknideild:

Námslýsing: Farið er í undirstöðuþætti gagnasafnsfræða, s.s. skipulag og vensl gagnasafna og fyrirspurnarmál. Einnig verður fjallað um öryggi gagnasafna og lög um tölvugögn. Farið verður í helstu þætti við greiningu og hönnun gagnasafna. Nemendur munu hanna eigið gagnasafn með einindavenslalíkönunum, skipuleggja tögun gagna og lyklu. Síðan setja þeir gagnasafnið upp og beita fyrirspurnarmáli á gagnasafnið.

Kennslugögn: Námsefni eftir kennara.

Heimspeki

VI. bekkur, val:

Námslýsing: Áhersla er lögð á sjálfstæða vinnu nemenda og yfirferð hagað eftir áhuga þeirra. Gestum er boðið í nokkra tíma og þannig veitt innsýn í ólík viðhorf til veraldarinnar. Gestur kom frá Zen á Íslandi og hugleiddi með nemendum. Nemendur unnu verkefni úr kvikmynd með tilliti til heimspékilegs innihalds. Hluti af lokaprófi var heimapróf þar sem nemendur fengu til greiningar þungan heimspékilegan texta.

Kennslugögn: *Heimspeki fyrir þig* eftir Ármann Halldórsson og Róbert Jack.

Íslenska

III. bekkur, haustönn:

ÍSL102:

Spegill, spegill ... Jóhanna Sveinsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir völdu efnið.

Lykill að stafsetningu og greinarmerkjum eftir Baldur Sigurðsson og Steingrím Þórðarson.

Hagnýt skrif eftir Gísla Skúlason.

Markviss framsögn. Glærur á skólaneti Verzlunarskólans.

Valbók í tengslum við tjáningu.

III. bekkur, vorönn:

ÍSL202:

Setningafræði og greinarmerki eftir Eirík Pál Eiríksson.

Íslendingaþættir. Sóttir á Netið.

Ýmislegt um risafurur og tímenn eftir Jón Kalman Stefánsson.

Hagnýt skrif eftir Gísli Skúlason.

Markviss framsögn. Glærur á skólaneti Verzlunarskólans.

Valbók í samráði við kennara.

IV. bekkur, haustönn:

ÍSL 212:

Íslensk málsaga eftir Sölva Sveinsson.

Edda Snorra Sturlusonar. Gylfaginning og frásagnarkafliar Skáldskaparmála.

Gunnar Skarphéðinsson bjó til prentunar.

Hagnýt skrif eftir Gísli Skúlason.

Kaldaljós eftir Vigdís Grímsdóttur.

IV. bekkur, vorönn:

ÍSL303:

Egils saga. Mælt er með útgáfu Skálholts/Iðunnar, Óskar Halldórsson annaðist útgáfuna.

Orð af orði. Sýnisbók íslenskra bókmennta á miðöldum. Silja Aðalsteinsdóttir sá um útgáfuna.

Bókastoð eftir Kristján Eiríksson og Sigurborgu Hilmarsdóttur.

Hagnýt skrif eftir Gísli Skúlason.

Valbók í samráði við kennara.

V. bekkur:

Hljóðfræði fyrir framhaldsskóla eftir Ívar Björnsson. Gefið út af höfundi.

Brennu-Njáls saga. Mælt er með útgáfu Iðunnar/Iðnú, Jón Böðvarsson bjó til prentunar.

Bók af bók. Bókmenntasaga og sýnisbók frá 1550-1918. Silja Aðalsteinsdóttir sá um útgáfuna.

Slitur úr íslenskri bókmenntasögu 1550-1918 eftir Viðar Hreinsson.

Hagnýt skrif eftir Gísli Skúlason.

Sjálfstætt fólk eftir Halldór Kiljan Laxness.

VI. bekkur:

Íslensk málsaga eftir Sölva Sveinsson.

Edda Snorra Sturlusonar, Gylfaginning og frásagnarkafliar Skáldskaparmála.

Gunnar Skarphéðinsson bjó til prentunar.

Eddukvæði. Mælt er með styttri útgáfu Ólafs Briems (þessari bláu).

Bók af bók. Silja Aðalsteinsdóttir sá um útgáfuna.

Þyrnar og rósir. Sýnisbók íslenskra bókmennta á 20. öld.

Kristján Jóhann Jónsson o.fl. völdu efnið.

Hagnýt skrif eftir Gísli Skúlason.

Lestur og kynning skáldverks á íslensku, verk valin í samráði við kennara.

Íþróttir

Markmið: Markmið íþróttakennslu í Verslunarskóla Íslands er að hafa uppbyggjandi áhrif á líkamlega heilsu nemenda svo og andlega og félagslega líðan þeirra. Samkvæmt skilgreiningu WHO á heilsuhugtakinu er heilsa: starfsgeta líkamans, starfsemi líffæra, félagsleg færni og andleg vellíðan. Með öðrum orðum geta til að standast andlegt og líkamlegt álag í nútímasamfélagi.

Samkvæmt námsskrá skal kennslunni skipt upp í fjóra þætti, þ.e.:

Líkams- og heilsurækt
Þekkingu
Félags-, tilfinninga- og siðgæðisvitund
Íþróttir

Námslýsing: Fyrri hluta náms er megináhersla á mikla hreyfingu og grunnaðferðir til uppbyggingar þols, styrks og liðleika. Auk þess sem nemendur fá fræðslu um uppbyggingu á þoli, krafti, liðleika, réttar líkamsbeitingar og næringar. Reynt er að koma á mótis við nemendur eins og kostur er miðað við aðstæður hverju sinni. Kennslan fer fram í tveimur mismunandi sölum. Í stærri salnum fer kennslan að mestu fram í knattleikjaformi, en í hinum minni er oftast byrjað með útiskokki, en síðan inni í sal þar sem ýmist er stöðvaþjálfun eða önnur styrkjandi þjálfun, m.a. í tækjum og lóðum. Í lok hverrar stundar eru gerðar liðleikaæfingar.

Í síðari hlutanum (5. og 6. bekk) er skerpt frekar á því sem á undan hefur verið numið.

Aðstæður leyfa ekki að nemendur velji ákveðnar íþróttagreinar, en leitast er við að bjóða upp á sem mesta fjölbreytni. M.a. er kenndur dans tvær vikur á hverju ári og að auki eina viku fyrir peysufatadag hjá 4. bekk.

Megintilgangur kennslunnar er að gera nemendur færa um að byggja upp eigin þjálfun og leggja áherslu á holla hreyfingu að loknum framhaldsskóla. Farið er í skyndihjálp og verkleg kennsla í hjartahnoði og blástursaðferð.

Latína

V. bekkur, máladeild:

Námslýsing: Aðaláhersla var lögð á undirstöðuatriði latneskrar málfræði, s.s. sagnbeygingu, nafnorð, lýsingarorð o.fl. Lesnir léttir kaflar í samfelldu máli. Fjallað rækilega um tengsl latínu við nýju málin. Kenndar voru þrjár stundir í viku. Vorpróf var skriflegt.

Kennslugögn: Árni Hermannsson: *Kennslubók í latínu I*, ásamt orðasafni.

VI. bekkur, máladeild:

Námslýsing: Lokið yfirferð í málfræði. Áhersla lögð á orðaforða, orðmyndun, hugtakaheiti og tengsl latínu við nýju málin. Farið í latneska orðstofna og lesnir valdir kaflar úr enskri bók um uppruna orða í ensku og frönsku. Einnig farið í orðstofna í grísku og áhrif þeirra í Evrópumálunum. Heimastílar og skriflegar æfingar reglulega. Kenndar voru þrjár stundir í viku. Stúdentspróf var skriflegt og munnlegt.

Kennslugögn: Sömu bækur og getið var um með námsefni V. bekkjar. Árni Hermannsson: *Latneskir málshættir og grískir orðstofnar og uppruni enskra og franska orða*.

Listasaga

VI. bekkur, val:

Markmið: Að nemendur kynnist þróun vestrænnar listsköpunar frá fornöld til okkar daga. Að þeir þekki helstu listastefnur, einkenni þeirra og þann jarðveg sem þær spruttu úr. Að nemendur geti gert grein fyrir helstu listamönnum, erlendum og innlendum.

Námslýsing: Evrópsk list, þ.e. byggingalist, höggmyndalist og málalist og helstu liststefnur, s.s. grísk myndlist, miðaldalist (rómanskur og gotneskur stíll), endurreisnarlist, barokk og rókókó, nýklassík, rómantík og raunsæi. Einnig impressionismi og expressionismi á síðustu öld og fram yfir aldamót og helstu liststefnur okkar aldar. Íslensk myndlist og tengsl við erlenda strauma. Fjallað var um einstök tímabil og helstu listamenn og verk þeirra skoðuð með hjálp bóka og litskyggna. Skriflegt próf og verkefni um einhvern tiltekinn listamann, skóla eða tímabil, sem nemendur fluttu í kennslustund.

Kennslugögn: *Saga listarinnar* eftir E.H. Gombrich (grunnbók) og valdir kaflar úr öðrum bókum.

Líffræði

VI. bekkur, stærðfræðideild:

Markmið: Að kynna undirstöðuatriði líffræðinnar sem þátt í heimsmynd nútímafélks, gera nemendur hæfari til að átta sig á ýmsum málum sem eru til umfjöllunar í samfélaginu og veita grunnþekkingu fyrir frekara nám á háskólastigi.

Námslýsing: Almenn einkenni, flokkun og nafngiftir lífvera. Vísindaleg aðferð. Lífræn efnasambönd, lífefnafræði og efnaskipti. Fruman; frumulíffæri og flutningur um lífrænar himnur. Lífeðlisfræði plantna. Lífeðlisfræði spendýra (megináhersla á manninn): melting, lifur, blóðrásarkerfi og sogæðar, ónæmiskerfi, öndun, þveiti, nýru, taugakerfið, taugaboð og hormón, beinagrind, vöðvar og skynfæri. Æxlun, mítósa, meiósa, kynfrumur og fósturþroski, kynlíf og kynsjúkdómar. Erfðafræði, litningar og gen, kjarnsýrur og prótínmyndun. Líftækni og erfðatækni. Þróun; breytileiki, stökkbreytingar, þróunarkenningin, vísbendingar um þróun, þróunarsagan, þróun mannsins. Veirur, bakteríur, fornbakteríur, sveppir og hryggdýr. Almenn vistfræði, framvinda, mengun, samspil manns og náttúru, sjálfbær þróun. Vistkerfi á Íslandi, íslenskir dýrastofnar.

Kennslugögn: *Inquiry into Life* eftir Sylvia Mader. Verklegar æfingar og önnur gögn á skólaneti.

Lokaverkefni

VI. bekkur, tölvu og upplýsingateknideild:

Námslýsing: Nemendur vinna saman í hópum við stórt verkefni allt frá greiningu og hönnun að fullbúinni afurð. Lokaverkefnið tengir saman það sem kennt hefur verið í deildinni í öðrum áföngum. Nemendur eru látnir halda utan um eitt stórt verkefni, áhersla er lögð á öguð vinnubrögð og skjölun á framvindu.

Kennslugögn: Námsfni eftir kennara.

Lögfræði

VI. bekkur, alþjóða-, mála-, hagfræði-, viðskipta- og stærðfræðideild:

Markmið: Að veita almenna fræðslu um íslenska lögskipan en þó með aðaláherslu á fjármunarétt. Kennslan er miðuð við að nemendur fái innsýn í réttarreglurnar og geri sér grein fyrir hvernig þær verka á samskipti manna. Til þess að ná þessu markmiði þurfa nemendur að leysa raunhæf verkefni og kynna sér hvernig réttarreglunum er beitt fyrir dómstólum. Auk þess fá nemendur í alþjóðadeild innsýn í alþjóðareglur.

Námslýsing: Inngangur er hafður um helstu grunnatriði lögfræðinnar, fræðikerfi hennar, réttarheimildir o.fl. Fjallað er um stjórnskipun og stjórnarfar og meðferð mála hjá stjórn-sýsluaðilum. Í réttarfari er fjallað um dómstólaskipanina á Íslandi. Meðferð einkamáls er útskýrð og grunnreglur einkamálaréttarfarsins. Farið er yfir helstu atriði aðfarargerðar, nauðungarsölu og gjaldþrotaskipta. Rætt um reglur laga um sammingsbundna gerðardóma. Í samningarétti er gerð grein fyrir reglum um rétthæfi og gerhæfi. Farið er yfir stofnun löggerninga, umboð og milligöngu við sammingsgerð. Umfjöllun um ógilda löggerninga. Kynntar eru réttarreglur um lausafjárkaup og fasteignaviðskipti. Í kröfurétti er farið yfir helstu meginreglur kröfuréttarins og örlög löggerninga. Sérstök áhersla er lögð á umfjöllun um viðskiptabréfkröfur, veðrétt og reglur um ábyrgð á fjárskuldbindingum þriðja manns. Tæpt er á rekstrarformum fyrirtækja, þ.e. félagarétti og farið er í ábyrgð félagsmanna í hinum mismunandi félagiformum. Sifja- og erfðarétti eru gerð góð skil. Þar er farið yfir mun á hjúpskap og óvígðri

sambúð, tæpt á barnarétti og farið yfir helstu reglur um erfðir, s.s. um skyldu- og bréferfðir, rétt til setu í óskiptu búi o.s.frv.

Kennslugögn: *Lögfræði og lífsleikni fyrir framhaldsskóla* eftir Þuríði Jónsdóttur. Fyrir þá sem eru í alþjóðalögfræði er lesheftið *Alþjóðalögfræði* eftir Hauk Birgi Hauksson.

Málefni líðandi stundar

VI. bekkur, val:

Markmið: Að nemendur fái tækifæri til að taka þátt í að móta viðfangsefni náms-
ins/námskeiðsins. Að nemendur tengi saman ólíkar námsgreinar og (þekkingarvið), geti unnið
sjálfstætt og saman í hóp. Að nemendur beri ábyrgð á sinni vinnu og nýti sér upplýsingatækni
meðal annars.

Kennslugögn: Engin eiginleg kennslugögn eru notuð en kennarar aðstoða nemendur við efnis-
og gagnaöflun í tengslum við einstök verkefni.

Margmiðlun

V. bekkur, tölvu og upplýsingatæknideild:

Námslýsing: Kennend er hönnun og uppbygging vefsíðna. Farið er yfir grunnatriði vefsíðukóða,
innsetningu tengla, mynda og notkun taflna. Kennend er notkun ýmissa hjálparforrita í
vefsíðugerð. Farið er í mikilvægi góðrar hönnunar og verkskipulags. Kennend er myndvinnsla í
tölvum. Lögð er áhersla á að nemendur geti unnið myndir á viðeigandi gagnasnið miðað við
notkun, kunni að meðhöndla myndir, breyta þeim og setja saman, ásamt því að þeir þekki helstu
myndastaðla sem notaðir eru í dag.

Einnig verða önnur vefmál kynnt og reynd, s.s. PHP3 og ASP. Kennend verður að búa til einfaldar
Flash myndir til að setja á vefinn.

Kennslugögn: Náms efni eftir kennara.

Markaðsfræði

V. bekkur, alþjóða- og viðskiptadeild:

Markmið: Að nemendur læri undirstöðuatriði við stjórnun og skipulagningu markaðsaðgerða.

Námslýsing: Í kennslunni er farið yfir grundvallarhugtök sem tengjast markaðsfræði og fjallað
um hvernig hugmyndafræðin er notuð til að markaðssetja vörur og þjónustu. Sérstaklega er farið
í mikilvægi markaðsstarfs í síbreytilegu umhverfi, afstöðu fyrirtækja til markaðarins, rekstrar-
og samkeppnisumhverfi, markaðshlutun, val markhópa, staðfærslu, vöruþróun, líftíma vöru,
vöruhugtakið, verðlagningu, kynningarmál, Netið og markaðsmál, ímynd fyrirtækja og
markaðsáætlanir. Farið er yfir grundvallaratriði markaðsrannsókna og gerð skoðanakannana
kynnt.

Lokaverkefni á *Viðskiptabraut* er gerð skoðanakönnunar. Nemendur þurfa sjálfir að finna
samstarfsfyrirtæki og gera við það sérstakan samstarfssamning sem kveður nánar á um
framkvæmd könnunarinnar.

Lokaverkefni á *Alþjóðabraut* er markaðsgreining á erlendum markaði og gerð markaðsáætlunar.
Nemendur þurfa sjálfir að finna samstarfsfyrirtæki og ákveða í samstarfi við það þá vöru sem
kanna á markað fyrir.

Nemendur vinna verkefnið undir handleiðslu kennara en bera að öðru leyti ábyrgð á framvindu
þeirra gagnvart samstarfsfyrirtækjum. Verkefnum er skilað til kennara og samstarfsfyrirtækja í
skýrsluformi í lok annarinnar auk þess skulu þau flutt í formi fyrirlestrar.

Kennslan fer að hluta til fram í fyrirlestraformi og að hluta til í tölvustofu þar sem verkleg
kennsla og æfingatímar fara fram. Gert verður ráð fyrir að nemendur vinni hluta af
verkefnavinnunni í gegnum Internetið og netkerfi skólans.

Kennslugögn: *Sigur í samkeppni* eftir Boga Þór Siguroddsson. Ítarefni frá kennara.

Menningarfræði

V. bekkur, alþjóðadeild:

Markmið: Að nemendur:

- þekki til og skilji hugtök sem notuð eru um þjóðmenningu og alþjóðameningu og öðlist skilning á menningarlegri margbreytni
- þekki til og skilji stjórnskipunarhugmyndir Vesturlanda og hugsunar á bak við þær
- þekki til og skilji menningarlegan mun sem hefur áhrif á viðskiptameningu ólíkra þjóða
- öðlist færni til þess að nýta sér fjölbreytta miðla til upplýsingaöflunar og framsetningar
- temji sér sjálfstæð vinnubrögð

Námslýsing: Fjallað er um hugtök sem varða þjóðmenningu og alþjóðameningu og fræðilega umræðu um menningu. Þá eru tiltekin lönd tekin skipulega fyrir og fjallað um menningu þeirra út frá samanburði og viðskiptaumhverfi. Um þetta vinna nemendur verkefni sem þeir kynna samnemendum sínum.

Kennslugögn: Bryan McGee: *Saga heimspekinnar*. Mál og menning, Reykjavík 2002. John Mole: *Mind your Manners*. London 2004. Richard R. Gesteland: *Cross-Cultural Business Behavior*. Kaupmannahöfn 2003. Auk þess myndir, leskaflar og ljósrit frá kennara.

VI. bekkur, alþjóðadeild:

Markmið: Að nemendur:

- auki með sér skilning á fjölbreytileika ólíkra samfélaga
- geti gert sér grein fyrir hlutverki menningarlegra og félagslegra þátta í mótun einstaklinga og samfélaga. Í þessu samhengi verður sérstakri athygli beint að trúarbrögðum
- auki þekkingu sína á völdum þjóðum utan Evrópu og geri sér grein fyrir helstu þáttum í menningu þeirra
- öðlist aukna færni til að afla sér upplýsinga úr ólíkum miðlum, vinna úr þeim og skila til annarra
- auki hæfni til að setja fram skoðanir sínar, taka þátt í rökræðum og túlka ólík sjónarmið
- efli með sér hæfni til sjálfstæðis í hugsun og vinnubrögðum sem og samstarfs
- þjálfist í að meta umhverfi sitt og eigin hugmyndir á uppbyggilegan hátt í krafti þekkingar og skarprar hugsunar

Námslýsing: Farið er skipulega í trúarbrögð heimsins sem hluta af menningarumhverfi í sérhverju landi fyrir sig. Í menningarfræði í 6. bekk er einkum fjallað um lönd utan Evrópu. Einkum er athyglinni í ár beint að Mið austurlöndum og þess freistað að dýpka þá nálgun sem beitt var í greininni árið áður með ítarlegri umfjöllun um ólíka þætti í menningu hinna margvíslegu hópa sem byggja þetta svæði. Verkefnavinnan í þessum áfanga er mikil og skiptist í einstaklingsverkefni og hópverkefni.

Kennslugögn: Ninian Smart: *The World's Religions*. Cambridge University Press 1989. Inngangur, bls. 9-30 (Dreift sem hefti frá kennara). *Mið austurlönd*. Mál og menning, Reykjavík 1993. Michael D. Coogan (ritstj.): *Trúarbrögð heimsins*. Mál og menning, Reykjavík 1999. Magnús Þorkell Bernharðsson: *Píslarvottar nútímans*. Mál og menning, Reykjavík 2005. Auk þess myndbönd; hefti, blaðagreinar, ljósrit og fleira sem kennari dreifir og er hluti af námsefni til prófs.

Náttúrufræði 103

III. bekkur, náttúrufræðibraut og

VI. bekkur, alþjóða-, mála-, hagfræði- og viðskiptadeild:

Markmið: Markmið áfangans er að veita nemendum þekkingu á lífverum jarðar. Áhersla er lögð á flokkun lífvera, umhverfisfræði, erfðir, erfðafnið, lífeðlisfræði mannlíkamans, æxlun og efnasamsetningu lífvera.

Námslýsing: Almenn einkenni, nafngiftir, flokkun og fjölbreytni lífvera (veirur, bakteríur, frumverur, skordýr, hryggdýr og fræplöntur). Fruman, lífræn efni, vefir, líffæri, líffærakerfi, næringarforði lífvera og orkuvinnsla. Mannlíkaminn: melting, öndun, blóðrásakerfi, húðin, lifur, nýru, taugakerfið, sjón, heyrn og beinagrindin. Æxlun: kyn- og kynlaus æxlun, frumskipting, æxlunarkerfi manna, kynfrumur. Erfðir: litningar, gen, meginlögmál erfðafræðinnar, erfðir manna. Kjarnsýrur og prótín, eftirmyndun DNA, prótínmyndun, erfðatækni og siðferðisleg vandamál. Lífverur og umhverfi þeirra: (fæðutengsl, stofnar, áhrif manna á umhverfi sitt og ástand umhverfismála á Íslandi).

Kennslugögn: *Líffræði* eftir Örnólf Thorlacius. Verklegar æfingar á skólaneti. Önnur gögn á skólaneti.

Náttúrufræði 113

III. bekkur:

Námslýsing: Fjallað er um kortagerð, stjörnufræði, jarðsögu, innræn öfl og innri gerð jarðar. Einnig er fjallað um landrekskenninguna, útræn öfl, jarðefni, vatnsorku og jarðvarma á Íslandi.

Kennslugögn: *Jarðargæði* eftir Jóhann Ísak Pétursson og Jón Gauta Jónsson. Auk kennslubókar er stuðst við ítarefni sem kennari útvegar nemendum. Nauðsynlegt er að nemendur hafi aðgang að kortabók og tölvu. Bókasafn Verzlunarskóla Íslands er opið nemendum þar sem góður aðgangur er að myndböndum og öðru efni sem tengist faginu. Nemendum er bent á að skoða þetta námsefni.

Náttúrufræði 123

III. bekkur, náttúrufræðibraut og

V. bekkur, alþjóða-, hagfræði-, viðskipta- og máladeild:

Markmið: Að kynna nemendum undirstöðuatriði efnafræði og eðlisfræði sem þátt í heimsmynd nútímans.

Námslýsing: Saga vísinda. Gerð og eiginleikar atóma og sameinda, lotukerfið; efnahvörf og efnatengi; almennir eiginleikar málma og málmleysingja; efnaformúlur, efnajöfnur og nafngiftareglur; hreyfilögmál Newtons, þyngdarlögmálið og þyngdarfastinn; geislavirk efni og kjarnorka; rafmagnsfræði, orka og orkulindir; orkulindir Íslands og nýting þeirra. Tveir tímar hálfsmánaðarlega í verklegar æfingar.

Kennslugögn: *Efni og orka* eftir Benedikt I. Ásgeirsson, Ingu Dóru Sigurðardóttur, Inga Ólafsson og Ólaf Halldórsson. Verklegar æfingar og viðbótarefni á skólaneti.

Rekstrarhagfræði

III. bekkur:

REK103:

Markmið: Að nemendur:

1. Öðlist skilning á kostnaði og tekjum, innborgunum og útborgunum.
2. Öðlist skilning á rekstrarreikningi og efnahagsreikningi og geti túlkað afkomu með kennitölum.
3. Skilji verðmætasköpun innan fyrirtækis og geti samið einfaldar áætlanir um rekstur minni fyrirtækja (iðnfyrirtækja, verslana og þjónustufyrirtækja).
4. Skilji hugtökin eftirspurn og framboð, markaðsverð og jafnvægisþagn og geti túlkað línurit og leyst einföld dæmi.

Námslýsing: Kostnaðarhugtök, tekjur, núllpunktur, framlegðarútreikningar, rekstraráætlanir og greiðsluáætlanir. Beinn og óbeinn kostnaður. Rekstrarreikningur, efnahagsreikningur og kennitölur sem túlka ársreikninga.

Kennslugögn: *Rekstrarhagfræði* eftir Birnu Stefnisdóttur (1999). Námsefninu er ætlað að byggja upp skilning á fjárhagslegum grundvallarhugtökum í rekstri fyrirtækja.

V. bekkur, hagfræði- og viðskiptadeildir:

Hagfræðideild, REK205:

Markmið: Að auka skilning nemenda á viðfangsefnum í rekstrarhagfræði og veita þjálfun við lausn fræðilegra og hagnýtra verkefna. Áhersla er lögð á stærðfræðilega nálgun og notkun línurita til að leysa rekstrarhagfræðileg viðfangsefni, svo sem kostnað, tekjumyndun, jafnvægi í rekstri fyrirtækja o.fl. Þá er stefnt að því að nemendur skilji tilgang og takmörk þess að setja hagræn vandamál fram á stærðfræðilegan hátt. Kenndir eru fimm tímar á viku.

Námslýsing: Upprifjun á grundvallarhugtökum hagfræðinnar. Fjallað er um hagkvæmasta val framleiðsluþátta. Fyrirtækið, réttarform, skipulag og markmið. Framleiðsla, framleiðsluföll og lögmálið um minnkandi afrakstur. Kostnaðarfræði, ólíkar gerðir kostnaðar og lágmarkun kostnaðar. Eftirspurn, eftirspurnarföll og verðteygni. Tekjuföll, tekju- og staðkvæmdaáhrif, tekjuteygni. Verðmyndun við mismunandi markaðsform, fullkomin samkeppni, einkasölusamkeppni, verðleiðsögn, fákeppni, tvíkeppni og einokun. Leikjafræði. Hagkvæmasta val fyrirtækis á magni og verði við ólík markaðsform og hámarkun hagnaðar. Verðaðgreining. Verkefni í samvinnu við Junior Achievement á Íslandi sem felst í stofnun og rekstur fyrirtækis í kringum viðskiptahugmynd nemenda.

Kennslugögn: *Principles of Economics* eftir Gregory Mankiw, önnur útgáfa 2000 eða nýrri. *Dæmahefti í hagfræði* eftir Bjarna Má Gylfason og Tómas Sölvason (2005). Ýmsu öðru efni er dreift til nemenda og Netíð notað í þeim tilgangi.

Viðskiptadeild, REK215:

Markmið: Að nemendur:

1. Öðlist skilning á hugtökum rekstrarhagfræðinnar og geri sér ljósa hagfræðilegu hliðina á rekstri fyrirtækja.
2. Kynnist viðfangsefnum fjármálafræða og fjármálastjórnunar.
3. Þekki til helstu atriða sem hafa þarf í huga við stofnun lítilla fyrirtækja.

Námslýsing: Upprifjun á grundvallarhugtökum hagfræðinnar. Mismunandi tegundir af teygni. Framleiðsla og hagkvæmasta val framleiðsluþátta. Mismunandi tegundir kostnaðar og kostnaðarföll. Verðmyndun og hámarkun hagnaðar við mismunandi markaðsform. Inngangur að fjármálum. Fjárhagsáætlanir. Núvirðisútreikningar og afkastavextir. Virði og gengi skuldabréfa. Hlutabréf og kennitölur. Stofnun fyrirtækja.

Kennslan var í formi fyrirlestra og skýringardæma. Nemendur þurftu að vinna verkefni bæði heima og í tímum. Einn utanaðkomandi fyrirlesari og ein heimsókn í fyrirtæki. Í rekstrarhagfræðinni er lögð meiri áhersla á stærðfræðileg efnistöð í hagfræðideild en á almenna verkefnavinnu í viðskiptadeild. Námsefnið er að öðru leyti hliðstætt.

Kennslugögn: *Rekstur fyrirtækja I* eftir Hrönn Pálsdóttur (1999) ásamt verkefnahefti. Viðbótarefni: Ýmis ljósrit og greinar þar sem viðbótartexta er þörf.

Rekstur fyrirtækja I og II

V. bekkur, viðskiptadeild:

REK215:

Markmið: Að nemendur:

1. Öðlist skilning á hugtökum rekstrarhagfræðinnar og geri sér ljósa hagfræðilegu hliðina á rekstri fyrirtækja.
2. Kynnist viðfangsefnum fjármálafræða og fjármálastjórnunar.
3. Þekki til helstu atriða sem hafa þarf í huga við stofnun lítilla fyrirtækja.

Námslýsing: Upprifjun á grundvallarhugtökum hagfræðinnar. Mismunandi tegundir af teygni. Framleiðsla og hagkvæmasta val framleiðsluþátta. Mismunandi tegundir kostnaðar og kostnaðarföll. Verðmyndun og háþyrking hagnaðar við mismunandi markaðsform. Inngangur að fjármálum. Fjárhagsáætlanir. Núvirðisútreikningar og afkastavextir. Virði og gengi skuldabréfa. Hlutabréf og kennitölur. Stofnun fyrirtækja.

Kennslan var í formi fyrirlestra og skýringardæma. Nemendur þurftu að vinna verkefni bæði heima og í tímum. Einn utanaðkomandi fyrirlesari og ein heimsókn í fyrirtæki. Í rekstrarhagfræðinni er lögð meiri áhersla á stærðfræðileg efnistöð í hagfræðideild en á almenna verkefnavinnu í viðskiptadeild. Námsefnið er að öðru leyti hliðstætt.

Kennslugögn: *Rekstur fyrirtækja I* eftir Hrönn Pálsdóttur (1999) ásamt verkefnahefti. Viðbótarefni: Ýmis ljósrit og greinar þar sem viðbótartexta er þörf.

VI. bekkur, viðskiptadeild:

Markmið: Að nemendur fái betri yfirsýn og skilning á fyrirtækjarekstri með notkun tölvukeyrðs hermílikans.

Námslýsing: Fyrir áramót er farið yfir gerð söluáætlunar, framleiðsluáætlunar, rekstrarreiknings, sjóðsstreymis og efnahagsreiknings. Eftir áramót vinna nemendur svo í hópum þar sem þeir reka tölvukeyrð fyrirtæki. Þar þurfa nemendur að meta markaðshorfur, taka rekstrarákvarðanir og meta niðurstöður. Fenginn var fyrirlesari úr atvinnulífinu og farið í fyrirtækjaheimsókn.

Kennslugögn: *The Business Policy Game* eftir Richard V. Cotter og David J. Fritzsche, 5. útgáfa.

Saga

Í Verzlunarskólanum var kennd saga annars vegar eftir nýju annarkerfi í 4. bekk, félagsfræðabraut, en hins vegar eftir eldra kerfi í 5. bekk. Kennt var í þrjú tíma á viku í 5. og 6. bekk, í öllum deildum nema stærðfræðideild og upplýsinga- og tölvudeild. Í síðartöldu deildunum var hún kennd í 5. bekk í stærðfræðideild en í 6. bekk í tölvu- og upplýsingadeild; þrjú tíma í viku hjá báðum. Í samræmi við aðalnámskrá var kennd mannkynsaga og Íslandssaga í einu lagi.

IV. bekkur, félagsfræðabraut :

SAG103 og SAG203:

Markmið: Að nemendur hafi innsýn í heim fornaldar og miðalda, stjórnarhætti, verkmenningu, heimspeki og trúarbrögð, þannig að samhengi og samfella sögunnar sé þeim ljós.

Námslýsing: Í 4. bekk var farið yfir helstu þætti í sögu Íslands og mannkyns frá árdögum til um 1800. Með fyrirlestrum kennara og verkefnavinnu nemenda var leitast við að ná heildstæðu yfirliti yfir markverðustu breytingar á sviði menningar, stjórn mála og efnahags. Myndefni á myndböndum og DVD var nýtt eftir því sem kostur var og nemendur unnu talsvert með frumheimildatexta.

Kennslugögn: Gunnar Karlsson o.fl.: *Fornir tímar. Spor mannsins frá Laetoli til Reykjavíkur, 4000.000 f. Kr. til 1800 e. Kr.* Mál og menning, Reykjavík 2003. Gunnar Þór Bjarnason og Margrét Gunnarsdóttir.: *Íslands- og mannkynssaga NB II. Frá lokum 18. aldar til aldamóta 2000.* Nýja bókafélagið. Reykjavík 2001. Ýmislegt aukaefni frá kennurum.

V. bekkur, alþjóða-, hagfræði-, mála- og viðskiptadeild:

Markmið: Að nemendur hafi skilning á sögu mannsins, þeim tímamótum sem urðu við lok miðalda, landafundi og siðaskipti og þjóðfélagsþróun á fyrri hluta nýaldar. Að nemendur hafi innsýn í heim árnýaldar, stjórnarhætti, verkmenningu, stjórn málahugmyndir og –þróun, heim-speki og trúarbrögð, þannig að samhengi og samfella sögunnar sé þeim ljós. Nemendur skilji áhrif ýmissa þátta í menningu árnýaldar á vestræn þjóðfélög nútímans, þar á meðal okkar eigið.

Námslýsing: Í 5. bekk var lokið við miðaldir en síðan tekið til við að skoða sögu Íslands og mannkyns á árnýöld (1500 – 1830). Þar koma við sögu, m.a. landafundir, siðaskipti í Evrópu og á Íslandi, einveldi, franska byltingin og afleiðingar hennar, upphaf Bandaríkjanna, iðnbyltingin og upphaf stjórn málahugmynda nútímans.

Kennslugögn: Árni Hermannsson o.fl.: *Íslands- og mannkynssaga NB I. Frá upphafi til upplýsingar.* Nýja bókafélagið. Reykjavík 2000. Gunnar Þór Bjarnason og Margrét Gunnarsdóttir: *Íslands- og mannkynssaga NB II. Frá lokum 18. aldar til aldamóta 2000.* Nýja bókafélagið. Reykjavík 2000. Ýmislegt aukaefni frá kennurum, þ.á.m. textar úr frumheimildum.

V. bekkur, stærðfræðideild og VI. bekkur upplýsinga- og tölvudeild:

Markmið: Að nemendur hafi þekkingu og skilning á sögu síðustu alda og þeim miklu breytingum sem átt hafa sér stað frá miðri átjándu öld til okkar daga.

Námslýsing: Tekinn var upp þráðurinn frá námsefni 4. bekkjar. Sögusviðið var Íslands- og mannkynssaga frá miðri 18. öld til nútímans. Lögð var megináhersla á það annars vegar að skýra atburðarás sögunnar frá miðri 18. öld fram að 1900 og draga fram þau atriði og atburði, sem varpa ljósi á þróun mála á 20. öld og hins vegar að gera nemendum ljósa þróun alþjóðamála á þessari öld til þess að samtíðaatburðir megi verða þeim ljósari.

Kennslugögn: Árni Hermannsson, o.fl.: *Íslands- og mannkynssaga NB. Frá upphafi til upplýsingar.* Nýja bókafélagið. Reykjavík 2000. Gunnar Þór Bjarnason og Margrét Gunnarsdóttir: *Íslands- og mannkynssaga NB II. Frá lokum 18. aldar til aldamóta 2000,* Reykjavík 2001.

VI. bekkur, alþjóða-, hagfræði-, mála- og viðskiptadeild:

Markmið: Að nemendur hafi þekkingu og skilning á sögu síðustu tveggja alda og þeim miklu breytingum sem átt hafa sér stað frá 19. öld til okkar daga á sviðum stjórn mála í viðum skilningi, menningar og efnahags, bæði í sögu Íslands og mannkyns alls.

Námslýsing: Haldið var áfram þar sem frá var horfið í 5. bekk. Hafist var handa við að kynnast daglegu lífi á Íslandi en síðan fjallað um þjóðernisstefnu og aðrar hræringar 19. aldar á Íslandi og í Evrópu. Eftir stutta umfjöllun um Vesturheimsferðir og nýlendustefnu, tók hin viðburðaríka 20. öld í sögu Íslands og mannkyns við. Um hana var fjallað þar til lokið var við Kalda stríðið

en undir lokin gafst tími til að líta stuttlega á sögu helstu stórvelda síðan 1990. Myndefni á myndböndum og DVD er að jafnaði nýtt töluvert, einkum um sögu 20. aldar og svo var einnig nú. Að venju var síðan prófað á stúdentsprófi úr námsefni 5. og 6. bekkjar.

Kennslugögn: Gunnar Þór Bjarnason og Margrét Gunnarsdóttir: *Íslands- og mannkynssaga NB II. Frá lokum 18. aldar til aldamóta 2001*. Nýja bókafélagið. Reykjavík 2001. *Frumheimildahefti* fyrir 5. (og 6.) bekk. Viðbótarefni frá kennurum, þ.á.m. efni um *Indland, Kína og Japan á 19. öld*, ljósrit um *Rússaveldi fyrir byltingu* og efni um *borgarastyrjöldina á Spáni*.

Sálfræði

V. og VI. bekkur val:

Markmið: Að nemendur fái innsýn í fjölbreytileika sálfræðinnar. Að nemendur kynnist sálfræði sem fræðigrein, uppruna hennar, sögu og þróun. Kynntar verða helstu stefnur innan greinarinnar auk helstu fræðimanna. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist þekkingu og yfirsýn á helstu hugtökum, þekki helstu starfssvið sálfræðinga og átti sig á hvernig sálfræði nýtist í daglegu lífi og við meðferð.

Námslýsing: Farið var í sögu og þróun sálfræðinnar. Helstu stefnur kynntar, starfssvið og fræðimenn. Kynntar voru rannsóknaraðferðir í sálfræði; fjallað var um líffræðilega undirstöðu hegðunar; námssálarfræði og ólíkar tegundir náms- og minnisaðferða kynntar. Að lokum var fjallað um vandamál daglegs lífs, s.s. samskipti, ákveðni og líkamstjáningu.

Kennslugögn: Kristján Guðmundsson og Lilja Ósk Úlfarsdóttir. (2006). *Inngangur að sálfræði*. (Endurbætt tilraunaútgáfa). JPV-útgáfa. Efni af veraldarvefnum, myndbönd og dvd-myndir.

Spænska

IV. bekkur, máladeild:

Námslýsing: Farið var yfir helstu grunnþætti málfræðinnar, þjálfður var les- og hlustunarskilningur og nemendum kennt að tjá sig skriflega og munnlega, um sjálfa sig, fjölskyldu sína og sitt nánasta umhverfi. Einnig var lögð áhersla á að í náminu öðluðust nemendur þekkingu á spænskri menningu, sérstaklega með notkun myndbanda, hljóðsnældna, tölvudisklinga og Netsins. Lestextar voru byggðir á samtölum fólks. Talæfingar og skriflegar æfingar voru í kjölfar hvers kafla. Æfingar með orðabók til að auka orðaforða, lestrarbók var lögð til grundvallar. Lokaverkefni nemenda var að setja upp stuttan leikþátt á spænsku, sem tengt var námsefni annarinnar.

Kenndar voru sex kennslustundir í viku og vorpróf var skriflegt.

Kennslugögn: *Ele. Curso de Espaspañol para extranjeros. Inicial 1*. Lesbók, vinnubók og geisladiskar, myndbönd og tölvudiskar.

V. bekkur, máladeild:

Námslýsing: Haldið var áfram öllum meginatriðum málfræðinnar. Lögð var aðaláhersla á samtalsæfingar og aukinn orðaforða. Nemendur öðluðust þökkalega leikni og þekkingu í að bjarga sér í spænskumælandi landi. Lestextar, talæfingar og skriflegar æfingar. Lokið var við *Lesbók 1*, síðan voru lesnar smásögur. Æfingar með orðabók til að auka orðaforða, ásamt málfræðiæfingum og talæfingum, með menningarlegu ívafi, smásögurnar lagðar til grundvallar. Horft var á myndbönd, hlustað var á tónlist og notaðir voru tölvudisklingar með kennsluefni á, sérstaklega til að æfa hlustun. Einnig voru unnin verkefni tengd þessu efni og lokaverkefnið var að útbúa myndbönd á spænsku, með stuttum leikþáttum og auglýsingum, sem tengt var námsefni annarinnar. Kenndar voru fimm kennslustundir í viku og vorpróf var skriflegt.

Kennslugögn: *Ele. Curso de Espaspañol para extranjeros. Inicial 1*. Lesbók, vinnubók og geisladiskar, myndbönd og tölvudiskar.

VI. bekkur, máladeild:

Námslýsing: Lokið var við að fara yfir meginatriði spænskrar málfræði. Lögð var aukin áhersla á samtalsæfingar til að æfa hlustun og auka orðaforða. Nemendur voru þjálfaðir í að tala saman í hóp, hver við annan og einnig voru þeir látnir flytja stuttan leikþátt á spænsku fyrir aðra nemendur. Mikil áhersla var lögð á að nemendur öðluðust þekkingu á þjóðháttum og menningu spænskumælandi þjóða. Til þess voru notaðar smásögur, myndbönd, tónlist og einnig var leitað upplýsinga á Netinu. Í rituðu máli voru nemendur látnir skrifa verkefni úr léttum skáldsögum, blaðgreinum, bíómyndum, o.s.frv. Nemendur voru látnir semja og flytja stuttan fyrirlestur á spænsku, þar sem efnistakan var úr námsefni annarinnar. Kennarar voru fjórar kennslustundir í viku og stúdentspróf var munnlegt og skriflegt.

Kennslugögn: *Ele. Curso de Espaspañol para extranjeros. Intermedio.* Lesbók og vinnubók, geisladiskar, myndbönd og tölvudiskar.

VI. bekkur, valgrein:

Námslýsing: Sama og í IV. bekk, máladeild nema að kennslustundir voru þrjár í viku og vorpróf var skriflegt.

Kennslugögn: *Ele. Curso de Espaspañol para extranjeros. Inicial 1.* Lesbók, vinnubók og geisladiskar, myndbönd og tölvudiskar.

Stjórn málafræði

VI. bekkur, val:

Markmið: Að kynna nemendum aðferðir og viðfangsefni stjórn málafræðinnar og efla þekkingu þeirra á stjórn málum, innlendum sem erlendum. Að gera nemendur hæfari til að leggja sjálfstætt mat á stefnur og stjórn málaathafnir og til þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

Námslýsing: Farið var yfir ofangreint efni með fyrirlesturum kennara, umræðum og verkefnavinnu nemenda. Myndbandaefni var töluvert notað, bæði í tengslum við alþjóðastjórn mál og stjórn mál á Íslandi. Þá var Alþingi heimsótt þegar kom að umfjöllun um það. Loks kynntu fulltrúar stjórn mála flokka og áhugahópa um stjórn mál stefnumið sín eins og venja hefur verið í þessari grein; í ár voru nýir, ungir þingmenn áberandi í því hlutverki.

Kennslugögn: Magnús Gíslason: *Stjórn málafræði fyrir framhaldsskóla.* Reykjavík 1994. Lesefni um Alþingi og störf þess. *Saga stjórn málafræðinnar* og önnur gögn frá kennara.

Stjórnun

VI. bekkur, viðskiptadeild:

Markmið: Að nemendur kunni grunnhugtök og kenningar í stjórnun og að beita hugtökunum í mæltu og rituðu máli.

Námslýsing: Farið er yfir grunnhugtök og kenningar í stjórnun. Útskýrt er hvernig þjóðfélagsbreytingar hafa gert það að verkum að menn leggja nú meiri áherslu á stjórnun en áður. Leitast er við að veita nemendum innsýn í störf stjórnenda og kynna þeim ýmis verkefni sem þeir inna af hendi. Farið er í stjórnunarferlið, mismunandi gerðir stjórnskipulaga, setningu markmiða, áætlanagerð og upplýsingastreymi. Áhersla er lögð á að upplýsa nemendur um samspil stjórnunar og samstarfs og mikilvægi þess að starfsmenn séu ánægðir í sínu starfi. Til ráðstöfunar eru þrjú tímur á viku. Þeir skiptast á milli fyrirlestra og stuttra verkefna, sem nemendur vinna og skila fyrir tilsettan tíma. Nemendur vinna einnig stórt verkefni þar sem þeir, í samráði við kennara, velja sér viðfangsefni innan ramma stjórnunar og skila skýrslu og flytja fyrirlestur um efnið.

Kennslugögn: Lesefni frá kennara og *Framsækin Stjórnun* frá Stjórnvísi.

Stjörnufræði

Námslýsing: Sólkerfið, reikistjörnur og þróun þeirra. Sólin. Myndun sólstjarna og þróun og hvernig þær enda æviskeið sitt (hvítir dvergar, nifteindastjörnur, svarthol). Vetrarbrautin okkar og aðrar vetrarbrautir. Uppruni og gerð alheimsins. Tvær stjörnuskoðunarferðir.

Kennslugögn: *Milli himins og jarðar* eftir Vilhelm S. Sigmundsson. Glósur frá kennara.

Stærðfræði

STÆ103:

Námslýsing: Rúmfræði: línur, horn, marghyrningar, frumsendan um samsíða línur, frumsendan um einshyrnda þríhyrninga, hornaföll, sínus- og kósínusreglan fyrir þríhyrninga, hringir tengdir þríhyrningi, ferilhorn. Prósentu- og vaxtareikningur, hlutföll og einingaskipti. Talnareikningur: talnamengi, almenn brot, forgangsröð aðgerða og brotabrot. Bókstafareikningur: liðun og þáttun, heil veldi og rætur, jöfnur af fyrsta stigi. Flatarmál og ummál.

Kennslugögn: *STÆ103* eftir Jón Hafstein Jónsson, Niels Karlsson og Stefán Jónsson. Aukahefti um hornaföll.

STÆ203:

Námslýsing: Bókstafareikningur: liðun og þáttun, annarsstigsjafnan, jöfnur af þriðja stigi, algildisjöfnur, brotareikningur. Margliður: skilgreining á margliðum, deiling, núllstöðvar og formerki margliða. Hnitarúmfræði: hnitakerfið, jafna beinnar línu, fleygbogar. Veldi: heil og brotin veldi, rætur, lograr.

Kennslugögn: *STÆ103* og *STÆ203* eftir Jón Hafstein Jónsson, Niels Karlsson og Stefán Jónsson.

STÆ303:

Námslýsing: Vigur, samlagning og frádráttur, hallatala, lengd, innfeldi, þvervigur. Miðpunktur striks og miðpunktur þríhyrnings. Einingarhringurinn, bogamál, hornaföll, horn á milli vigra. Hornafallareglur og tengsl hornafallanna innbyrðis. Sínus- og kósínureglan hin meiri. Regla um flatarmál þríhyrnings. Jafna hrings og jafna sporbaugs. Stikun hrings og stikun línu. Ofanvarp punkts á línu.

Kennslugögn: *STÆ303* eftir Jón Hafstein Jónsson, Niels Karlsson og Stefán Jónsson.

STÆ313:

Námslýsing: Mengjafræði. Yrðingarökfræði. Gagnasöfn, tíðnitöflur, myndrit. Meðaltal, vegið meðaltal, tíðasta gildi, miðgildi. Staðalfrávik, meðalfrávik, seiling. Líkindareikningur, umraðanir og samantektir. Normaldreifingin og tvíliðudreifingin. Öryggismörk, fylgni og tilgátuprófanir.

Kennslugögn: Tölfræði og líkindareikningur eftir Ingólf Gíslason.

STÆ363:

Námslýsing: Veldi og veldareglur. Vísiföll og lograföll. Vaxtarhraði og skilgreining afleiðu. Afleiður nokkrurra algengra falla. Hagnýting diffurreiknings. Runur og raðir. Línuleg bestun.

Kennslugögn: Stærðfræði 3000 (Föll og deildun) eftir Björk og Brolin.

V. bekkur, alþjóða- og máladeild:

Námslýsing: Tíðnidreifing, myndræn framsetning talnasafna, miðsækni, mæling á dreifingu, staðalfrávik, talningarfræði, líkindi skilyrt og óskilyrt, tvíliðuformúlan, öryggismörk, mengjafræði.

Kennslugögn: *Tölfræði og líkindareikningur* eftir Ingólf Gíslason.

V. bekkur, viðskiptadeild:

Námslýsing: Veldi, vaxtareikningur, vísisföll og lograr, markgildi, afleiður ýmissa falla, könnun falla. Runur og raðir. Jöfnur, ójöfnur, línuleg bestun.

Kennslugögn: *Stærðfræði 3000*, Föll og deildun eftir Björk og Brolin.

V. bekkur, hagfræðideild:

Námslýsing: Mengjafræði, rökfræði, varpanir og föll, veldisföll, algildisfallið, margliður, ræð föll, samsettar varpanir, markgildisreikningar, diffrun ræðra falla, reglur um diffrun, rannsókn falla, ferlateikningar, andhverfar varpanir, diffrun hornafalla, vísis- og lógaritmaföll, diffrun veldisfalla, diffrun vísisfalla, diffrun lógaritmafalla, stofnföll, heildunaraðferðir.

Kennslugögn: *STÆ403* og *STÆ503* eftir Jón Hafstein Jónsson, Niels Karlsson og Stefán Jónsson.

V. bekkur, stærðfræðideild:

Námslýsing: Mengjafræði, rökfræði, varpanir og föll, veldisföll, algildisfallið, margliður, ræð föll, heiltölufallið, samsettar varpanir, markgildisreikningar, $\epsilon\delta$ -reikningar, diffrun ræðra falla, reglur um diffrun, rannsókn falla, ferlateikningar, andhverfar varpanir, diffrun hornafalla, andhverfur hornafalla, vísis- og lógaritmaföll, diffrun veldisfalla, diffrun vísisfalla, diffrun lógaritmafalla, stofnföll, heildun, heildunaraðferðir, flatarmál fundið með heildun.

Kennslugögn: *STÆ403* og *STÆ503* eftir Jón Hafstein Jónsson, Niels Karlsson og Stefán Jónsson.

VI. bekkur, viðskiptadeild:

Námslýsing: Afleiður, afleiður falla með skiptri fallstæðu, afleiður samsettra falla, rannsókn falla, ferlateikningar, andhverf föll, afleiður andhverfra falla vísisföll, lógaritmar. Tíðnidreifing, myndræn framsetning talnasafna, miðsækni, mæling á dreifingu, staðalfrávik, talningarfræði, líkindi skilyrt og óskilyrt, tvíliðuformúlan, öryggismörk, mengjafræði.

Kennslugögn: Fjölrit um könnun falla. *Tölfræði og líkindareikningur* eftir Ingólf Gíslason.

VI. bekkur, hagfræðideild:

Námslýsing: Flatarmál sem heildi, diffrun og heildun hornafalla, pólhnit, tvinntölur, diffurjöfnur af fyrsta og öðru stigi, tölulegar lausnir diffurjafna, þrívíð rúmfræði og hnitarrúmfræði, fylkjareikningur, mismuna- og kvótarunur og -raðir.

Kennslugögn: *STÆ503* eftir Jón Hafstein Jónsson, Niels Karlsson og Stefán Jónsson. *Diffurjöfnur og fylki* eftir Frey Þórarinsson. Hefti um þrívíða rúmfræði.

VI. bekkur, stærðfræðideild:

Námslýsing: Hagnýting heildunar, boglengd ferla, rúmmál og yfirborð snúða, tvinntölur, diffurjöfnur af fyrsta og öðru stigi, runur og raðir, þrepun, þrívíð rúmfræði, þrívíð hnitarrúmfræði, kúluhornafæði, fylkjareikningur, yfirákvörðuð jöfnuhneppi, línulegar varpanir, tölulegar lausnir á diffurjöfnum, talningarfræði.

Kennslugögn: *STÆ503*, *STÆ603* og *STÆ522* eftir Jón Hafstein Jónsson, Niels Karlsson og Stefán Jónsson. *Diffurjöfnur og fylki*, reikningsbók handa framhaldsskólum, eftir Frey Þórarinsson. Fjölrit um talningarfræði.

VI. bekkur, hagfræðideild:

Námslýsing: Flatarmál sem heildi, diffrun og heildun hornafalla, pólhnit, tvinntölur, diffurjöfnur af fyrsta og öðru stigi, tölulegar lausnir diffurjafna, þrívíð rúmfræði og hnitarrúmfræði, fylkjareikningur, mismuna- og kvótarunur og -raðir.

Kennslugögn: *STÆ503* eftir Jón Hafstein Jónsson, Niels Karlsson og Stefán Jónsson. *Diffurjöfnur og fylki* eftir Frey Þórarinsson. Hefti um þrívíða rúmfræði.

VI. bekkur, stærðfræðideild:

Námslýsing: Hagnýting heildunar, boglengd ferla, rúmmál og yfirborð snúða, tvinntölur, diffurjöfnur af fyrsta og öðru stigi, runur og raðir, þrepun, þrívíð rúmfræði, þrívíð hnita-rúmfræði, kúluhornfræði, fylkjareikningur, yfirákvörðuð jöfnuhneppi, línulegar varpanir, tölulegar lausnir á diffurjöfnum, talningarfræði.

Kennslugögn: *STÆ503, Stæ603 og STÆ522* eftir Jón Hafstein Jónsson, Niels Karlsson og Stefán Jónsson. *Diffurjöfnur og fylki*, reikningsbók handa framhaldsskólum, eftir Frey Þórarinsson. Fjörlit um talningarfræði.

Tölvubókhald

IV. bekkur:

Markmið: Að nemendur fái innsýn í færslu tölvubókhalds og hvernig einfalt bókhald er fært hjá fyrirtækjum. Að nemendur kynnist færslu fjárhagsbókhalds og undirkerfa sem gera þeim kleift að vinna mun nákvæmari upplýsingar úr bókhaldinu en ella og þau nái ákveðinni leikni í grunnnotkun forritsins *Navision Attain*, útgáfu 3.0.

Námslýsing: Kennsla fer fram með þeim hætti að nemendur vinna verkefni í tölvustofu og nota til þess upplýsingakerfið *Navision Attain* 3.0. Kennslan fer fram á einni önn, 2 tímar í senn í viku hverri.

Kynntir eru notkunarmöguleikar tölvunnar við færslu bókhalds. Forritið sem notað er nefnist *Navision Attain*, sem er hvað mest notað af fyrirtækjum hérlendis og þó víðar væri leitað. Kerfin sem kynnt eru eru fjárhagsbókhald, sölu- og viðskiptamannabókhald, lánardrottna- og birgðabókhald og launabókhald. Í fjárhagsbókhaldinu eru kynntar daglegar færslur, uppsetning bókhaldslykils, uppgjör VSK ásamt prentun og úrvinnslu upplýsinga. Í sölu- og viðskiptamannakerfinu er farið í uppsetningu viðskiptamanna, sölu til viðskiptamanna ásamt innborgunum. Úrvinnsla ýmissa upplýsinga er kynnt. Í birgða- og lánardrottnakerfinu eru kynnt innkaup vörutegunda frá lánardrottnum ásamt greiðslu til þeirra sem og úrvinnslu upplýsinga hvað varðar lager, o. fl. Þá er stuttlega farið í samtengingu kerfanna og hvernig færslur berast úr einu kerfi í annað. Í hefti II eru til viðbótar teknir fyrir nýir erlendir lánardrottnar, erlendir gjaldmiðlar, gengistap/hagnaður, uppsetning kennitalna og nánari úrvinnsla gagna. Þá er farið í sjálfvirka dráttarvaxtaútreikninga. Í launabókhaldinu eru færð laun á starfsmenn og prentaðir launaseðlar ásamt færslu launa yfir í fjárhagsbókhald.

Kennslugögn: *Navision Attain*, útgáfa 3.0 upplýsingakerfið. Verkefna- og kennslubók í *Navision Attain I og II* eftir Tómas Sölvason.

Tölvunotkun og vélritun

III. bekkur:

Ritvinnsla: Byrjað er á grunnatriðum ritvinnsluforritsins *Microsoft Word 2002*.

Nemendur vinna verkefni með einföldum uppsetningum. Enn fremur eru kenndar uppsetningar verslunarbréfa með notkun tilbúinna sniðmáta. Textar verslunarbréfanna eru teknir úr kennslubókinni *Ritverk: verkefni fyrir ritvinnslu* eftir Kristínu I. Jónsdóttur og Gígju Árnadóttur.

Talnaæfingar: Þjálfun í hraða og fingrasetningu á talnaskika tölvu. Til þeirra æfinga er notað forritið *Summa*, samið af Baldri Sveinssyni.

Póstforrit: Kennd er notkun á póst- og samskiptaforritinu *Microsoft Outlook XP* og almennar siðareglur við notkun á tölvupósti.

Windows: Kennd eru undirstöðuatriði stýrikerfisins *Windows XP*. Nemendum kennt að umgangast net og netumhverfi.

Excel: Kennd notkun taflna og vinnubóka í töflureikninum *Microsoft Excel XP 2003*.

PowerPoint: Nemendum kennd gerð glærusýninga í *PowerPoint XP 2003*.

Vefsíðugerð: Kennd eru undirstöðuatriði vefsíðugerðar með notkun *FrontPage XP 2003*.

Vélritun: Þjálfun í fingrasetningu, blindskrift og hraða á hnappaborði tölvu. Vélritun er tekin í fjarnámi. Fyrst er tekið stöðupróf og þeir sem ekki standast stöðuprófið fara í gegnum áfangann: gera æfingar og lotupróf og fara síðan í lokapróf. Í vélrituninni er notast við

vélritunarkennsluforrit sem hannað er af Antoni Karli Ingasyni, Helga Kristjánsyni og fleirum.

Kennslugögn: *Microsoft Excel 2002* eftir Baldur Sveinsson, *Ritverk: verkefni fyrir ritvinnslu* eftir Kristínu I. Jónsdóttur og Gígju Árnadóttur. *Word 2002 handbókin*, eftir Kristínu I. Jónsdóttur og Svein Baldursson. Leiðbeiningar um notkun PowerPoint og FrontPage eftir kennara.

IV. bekkur, viðskiptabraut:

Námslýsing: Kennt er frekari notkun ritvinnsluforrítsins *Microsoft Word 2003* fyrir Windows, þar með talin notkun, gerð og breyting stíla, dálkar, jaðarlínur, skygging gerð og breyting sniðmáta og stíla, formbréf, töfluaðgerðir, atriðisorðaskrá, blaðadálkar, dálkar, efnisyfirlit, formbréf, hausar og fætur, leturlist, neðanmáls- og aftanmálsgreinar, númeraðar töflur, töflur, upphafsstafir felldir inn í texta. Meðal verkefna eru samningar, töflur, heimildaskrár, titilblöð og verslunarbréf eftir hefðbundnum uppsetningum og staðli, enn fremur atvinnuumsóknir, svar við atvinnuumsóknum, uppsettar auglýsingar, boðsbréf, sem nemendur semja sjálfir, uppsetning kynningarblöðungs og lokaverkefni þar sem farið er í ýmsa þætti ritvinnslu. Kenndar eru undirstöður í myndvinnslu og grunnatriði í notkun gagnagrunnsins, *Microsoft Access 2003* s.s. töfluvinnsla, fyrirsurnir og skýrslur.

Kennslugögn: *Ritverk, verkefni fyrir ritvinnslu* eftir Kristínu I. Jónsdóttur og Gígju Árnadóttur, 7. útg. 1997, *Word 2003 handbókin*, útg. 1999, eftir Kristínu I. Jónsdóttur og Svein Baldursson, *Microsoft Access 2002* eftir Baldur Sveinsson og Þórð Hauksson.

Upplýsingafræði

V. bekkur, alþjóða- og viðskiptadeild:

Markmið: Að nemandi læri að nota fjölbreyttan hugbúnað og upplýsingar á margvíslegu formi við lausn og framsetningu viðfangsefna í námi sínu. Hafi skilning á upplýsingaöflun og upplýsingalæsi og geti lagt mat á gæði og áreiðanleika upplýsinga. Átti sig á lagalegri og siðfræðilegri hlið upplýsingaflæðis, höfundarétti, persónuvernd og upplýsingalögum. Einnig að nemandi öðlist góða yfirsýn yfir sögu og þróun Netsins og rafrænna viðskipta. Nái færni í notkun vefdagbókar. Læri möguleika HTML og XHTML–forritunarmálsins til að útbúa sína eigin síðu og birta hana og kynnist helstu þáttum í vefhönnun. Kynnist einnig möguleikum SPSS-tölfræðiforrítsins til úrvinnslu tölulegra gagna.

Lokamarkmið áfangans er að nemandi:

- þekki helstu atriði í sögulegri þróun Netsins
- hafi fræðilega og tæknilega innsýn í upplýsinga- og fjarskipakerfi nútímans
- geti nýtt sér möguleika Netisins í námi og starfi, þ.e. hafi þekkingu á því hvernig hagnýta má upplýsingatækni í tengslum við nám og starf
- þekki helstu aðferðir til skráningar og miðlun upplýsinga og heimilda
- þekki helstu tegundir upplýsingasafna, gagnasöfn og leitarvélar og geti aflað sér upplýsinga um fjölbreytt efni eftir margvíslegum leiðum
- sé upplýsingalæs og þekki hvað hugtakið felur í sér
- geti metið gæði, áreiðanleika, uppruna og gildi upplýsinga
- þekki helstu lagaleg, siferðisleg og félagsleg atriði er varða söfnun, geymslu og miðlun upplýsinga
- hafi góða þekkingu á rafrænum viðskiptum
- geti sett fram þekkingu sína og upplýsingar á tölvutækan hátt og á vef

- kunni vel til HTML og XHTML-forritunarmálsins og geti nýtt það til vefsíðugerðar
- hafi á valdi sínu notkun vefdagbókar
- geti sagt frá og metið nám sitt í kennslustundum á málefnalegan hátt í bloggkerfinu K2
- geti nýtt sér möguleika SPSS-tölfræðiforritsins til úrvinnslu kannana

Kennslugögn: Leshefti í upplýsingafræði, tekið saman af kennurum áfangans, Sólveigu Friðriksdóttur, Hirti Hjartarsyni og Snorra Halldórssyni. Lesnir valdir kaflar úr bók Þórðar Víkings Friðgeirssonar frá 2001: *Bókin um Netið. Saga, þróun, rafræn viðskipti*. Viðbótarlesefni og verkefni eru sett í skjalahólf nemenda á innra vef skólans.

Vélbúnaður, stýrikerfi og net/hönnun hugbúnaðar

V. bekkur, tölvu og upplýsingatæknideild:

Námslýsing: Farið verður í mismunandi uppbyggingu stýrikerfa og vélbúnaðar.

Í þessum áfanga eru innviðir tölvu og tölvutengingar ýmiss konar kennd. Vélbúnaðar- kennslan er að hluta til verkleg, þ.e. tölva er greind í sína einstöku einingar og þær skoðaðar. Farið er í uppbyggingu hinna ýmsu stýrikerfa og má þar nefna Windows, Unix, Linux og Dos. Kennt verður lauslega á þessi stýrikerfi og nemendum gerð grein fyrir muninum sem á þeim er. Lögð er áhersla á að nemendur þekki helstu netkerfi og tengingar. Sérstaklega er farið í að lýsa aðgangsstýringu inn á net og inni á neti, ásamt því að gagnaflutningur um net er útskýrður. Kerfisgreining er það ferli að greina þarfir sem gerðar eru til kerfis (forrits). Kennt verður að nota kerfisgreiningu við uppbyggingu á kerfi, skjölun og utanumhald um stærri forritunarverkefni. Einnig verður farið í gegnum þær ýmsu leiðir sem notaðar eru við hugbúnaðarþróun, s.s. frumsmíðagerð (e. prototyping).

Einnig verður í þessum áfanga farið í viðmótshönnun, staðla sem notaðir eru við viðmóts- hönnun og hvað ber að varast. Rætt er um gæði notendaviðmóts, ásamt því að skoðaðar eru ýmsar aðferðir við að meta notkunareiginleika hugbúnaðar. Prófanuferli er kynnt.

Kennslugögn: Námsfni eftir kennara.

Þjóðhagfræði

IV. bekkur:

ÞJÓ103:

Markmið: Að nemendur öðlist nægilega þekkingu á hugtökum og fræðum hagfræðinnar, þ.e. þeir geti fylgst með þjóðfélagslegri umræðu. Kynnt eru grunnhugtök og meginviðfangsefni hagfræðinnar. Lögð er áhersla á að nemendur geti tjáð sig um efnið, bæði munnlega og skriflega. Jafnframt er lögð áhersla á að nemendur venjist því að beita upplýsingatækni við upplýsingaöflun og lausn verkefna.

Námslýsing: Fjallað er um grunneiningar hagkerfisins og samspil þeirra í markaðshagkerfi. Hringrás efnahagslífsins er útskýrð og fjallað um helstu hagstærðir þjóðarbúsins og innbyrðis tengsl þeirra. Meginþættir í efnahagsþróun eru teknir fyrir og hagræn vandamál skoðuð með dæmum úr íslensku efnahagslífi. Kynnt er margvísleg framsetning á hagfræðilegu efni. Nemendur fá þjálfun í að lesa úr línuritum og innsýn í notkun hlutfallareiknings, vísitalna, vegins meðaltals og fleiri algengra aðferða við vinnslu á hagfræðilegum upplýsingum.

Kennslugögn: *Þjóðhagfræði 103* eftir Ingu Jónu Jónsdóttur (2001).

VI. bekkur, hagfræðideild:

ÞJÓ204:

Markmið: Að nemendur:

1. Öðlist dýpri skilning á grundvallarhugtökum og kenningum þjóðhagfræðinnar.
2. Læri að nota stærðfræði eftir atvikum, línurit, tölfræði og annað efni sem tengist náminu, t.d. með Excel eða öðrum sambærilegum forritum.
3. Geti notað línurit og hagræn líkön til að útskýra raunveruleg vandamál.
4. Kynnist íslensku efnahagslífi, viðfangsefnum hagstjórnar og efnahagsstefnu stjórnvalda.
5. Geti upp á eigin spýtur nálgast upplýsingar um íslenskt efnahagslíf.
6. Geti tjáð sig munnlega og skriflega um ástand efnahagsmála og mótað sjálfstæðar skoðanir sem, m.a. eru byggðar á þeim fræðilega grunni sem lagður er í náminu.

Námslýsing: Grundvallaratriði hagfræðinnar, atferli einstaklinga í hagkerfinu, samskipti fólks og viðskipti þeirra á milli. Hlutfallslegir og algerir yfirburðir. Markaðsöflin framboð og eftirspurn, teygni. Opinber markaðsihlutun með framleiðslustyrkjum og sköttum, velferðartap. Skipting skattbyrði og framleiðslustyrkja. Áhrif afskipta hins opinbera á alþjóðleg viðskipti. Þjóðhagsreikningar – mæling á afkomu þjóðarinnar. Þjóðarframleiðsla og hagvöxtur. Sparnaður, fjárfestingar og fjármálakerfið. *Atvinnuleysi:* náttúrulegt atvinnuleysi. *Peningar:* skilgreining peninga, hlutverk Seðlabankans og framboð peninga. *Verðbólga:* orsakir og afleiðingar, vöxtur peningamagns. Hagfræði opinna hagkerfa. Skammtímasveiflur í hagkerfinu. Fjármála- og peningamálaráðstafanir til að stuðla að hagvexti og stöðugleika í hagkerfinu. Kenndir voru fjórir tímar á viku þar sem farið var bæði yfir fræðilegan hluta námsefnisins sem og dæmi. Áhersla var lögð á að tengja námsefnið við fréttir á hverjum tíma af efnahagsmálum. **Kennslugögn:** *Principles of Economics* eftir Gregory Mankiw, önnur útgáfa 2000, auk ýmiss lesefnis um íslensk efnahagsmál.

Þýska

III. bekkur:

ÞÝS102 (haustönn):

Námslýsing: Farið var yfir 6 kafla lesbókar og vinnubókar, auk þess tekin fyrir ein smásaga úr fjölríti (*Tom macht eine Reise*) eftir 4. kafla lesbókar. Verkefnahefti með aukaæfingum í orðaforða og málfræði var unnið samhliða kennslubók. Hlustunaræfingar tengdar lesbók voru lagðar fyrir (2-3) á haustönninni. Söngtextar og annað ítarefni lagt fyrir eins og þurfa þótti.

Kennslugögn: *Þýska fyrir þig 1:* lesbók, vinnubók og málfræðibók. *Smásögur* (fjölrit). Verkefnahefti fyrir ÞÝS102 og ÞÝS202.

ÞÝS202 (vorönn):

Námslýsing: Teknir voru fyrir kafla 7, 8 og 9 í lesbók og vinnubók. Lesnar voru 2 smásögur (*Stadtmaus Feldmaus* og *Frische Fische*) og verkefni unnin við þær. Verkefnaheftið var unnið samhliða grunnbókinni og haldið áfram með hlustunarefnið sem er tengt lesbókinni. Söngtextar og annað ítarefni lagt fyrir eins og þurfa þótti.

Kennslugögn: *Þýska fyrir þig 1:* lesbók, vinnubók og málfræðibók. *Smásögur* (fjölrit). Verkefnahefti fyrir ÞÝS102 og ÞÝS202.

Þriggja ára nám:

ÞÝS103 (haustönn):

Námslýsing: Farið var í fyrstu 7 kafla lesbókar og sömu kaflar í vinnubók unnir samhliða. Verkefnahefti með aukaæfingum var unnið bæði í kennslustundum og sjálfstætt heima og birtust lausnir kaflanna í netkerfi nemenda eftir á. Smásögurnar *Stadtmaus Feldmaus* og *Toto* voru lesnar og unnin orðabókarverkefni við þær. Hlustunaræfingar úr *Keine Panik* voru lagðar fyrir (3 æfingar) í lok annar.

Kennslugögn: *Þýska fyrir þig 1*: lesbók, vinnubók og málfræðibók. Verkefnahefti fyrir ÞÝS102 og 202. Smásögur. Hlustunarefnið *Keine Panik*.

ÞÝS203 (vorönn):

Námslýsing: Teknir voru fyrir kaflar 8, 9, 10 og 11 í lesbók og sömu kaflar unnir í vinnubók. Nemendur kláruðu fyrra verkefnaheftið og unnu einnig síðara verkefnaheftið (fyrir 4. bekk). Verkefnaheftið var að stórum hluta til unnið sjálfstætt og birtust lausnir í netkerfi nemenda eftir á. Eftir 9. kafla lesbókar var þátíð sagna og núliðin tíð kynnt og lesin 3 ævintýri: (*Rotkäppchen, Hänsel und Gretel og Die Sterntaler*). Samhliða fyrstu tveimur ævintýrunum voru tíðirnar þjálfaðar, og áfram voru þær þjálfaðar með innihaldi 10. kafla lesbókar. Hustunarefnið *Keine Panik* var klárað í lok vorannar. Þá stóðu nemendur einnig skil á munnlegu verkefni (munnlegu prófi).

Kennslugögn: *Þýska fyrir þig 1*: lesbók, vinnubók og málfræðibók. Verkefnahefti fyrir ÞÝS102 og 202 og Verkefnahefti fyrir 4. bekk. Ævintýri: *Deutsche Märchen und Sagen*. Hlustunarefnið *Keine Panik*.

IV. bekkur:

ÞÝS212 (haustönn):

Námslýsing: Farið var yfir kafla 9 og 10 í lesbók og sömu kaflar unnir í vinnubók. Fjögur ævintýri voru lesin úr *Deutsche Märchen und Sagen*, (*Rotkäppchen, Hänsel und Gretel, Aschenputtel, Der Wolf und die sieben jungen Geißlein*). Þátíð og núliðin tíð voru þjálfaðar í tengslum við ævintýrin. Ein hraðlestrarbók var lesin; *Oktoberfest* og munnleg og skrifleg verkefni unnin í tengslum við hana. Verkefnahefti með aukaæfingum í orðaforða og málfræði fyrir 4. bekk var unnið samhliða kennslubók.

Hlustunaræfingar tengdar ævintýrunum voru lagðar fyrir.

Kennslugögn: *Þýska fyrir þig 1*, lesbók, vinnubók og málfræðibók. *Verkefnahefti, Ævintýri: Deutsche Märchen und Sagen*. Hraðlestrarbækur: *Oktoberfest*. Orðabók: *Þýsk-íslensk* eftir Steinar Matthíasson.

ÞÝS303 (vorönn):

Námslýsing: Farið var yfir kafla 11 og 12 í lesbók og sömu kaflar unnir í vinnubók. Fimm ævintýri voru lesin úr *Deutsche Märchen und Sagen* (*Schneewittchen, Dornröschen, Der Froschkönig, Frau Holle og Der gestiefelte Kater*). Ein hraðlestrarbók var lesin; *Einer singt falsch* og munnleg og skrifleg verkefni unnin í tengslum við hana. Verkefnahefti með aukaæfingum í orðaforða og málfræði fyrir 4. bekk var unnið samhliða kennslubók.

Hlustunaræfingar tengdar ævintýrunum voru lagðar fyrir.

Kennslugögn: *Þýska fyrir þig 1*, lesbók, vinnubók og málfræðibók. *Verkefnahefti, Ævintýri: Deutsche Märchen und Sagen*. Hraðlestrarbækur: *Einer singt falsch*. Orðabók: *Þýsk-íslensk* eftir Steinar Matthíasson.

Þriðja ára nám:

ÞÝS303 (haustönn):

Námslýsing: Farið var í kafla 12, 13 og 14 í lesbók og þeir kaflar í vinnubók unnir samhliða. Eftir kafla 12 þar sem rifjaðar voru upp tíðir sagna voru 3 ævintýri lesin: *Schneewittchen, Dornröschen og Hänsel und Gretel*. Eftir að kafla 13 hafði verið lesinn var léttlestrarbókin *Einer singt falsch* tekin fyrir og svo lauk yfirferðinni á kafla 14, þar sem sjónum var beint sérstaklega að orðaforða. Nemendur unnu skrifleg verkefni úr ævintýri og úr léttlestrarbók og var léttlestrarbókin einnig notuð í munnlegt verkefni í kennslustund. Hlustunaræfingar voru lagðar fyrir úr ævintýrum. Kvikmyndin *Jensteits der Stille* var sýnd til gagns og gamans.

Kennslugögn: *Þýska fyrir þig 1*: lesbók, vinnubók og málfræðibók. Ævintýri: *Deutsche Märchen und Sagen*. Léttlestrarbókin *Einer singt falsch*. Hlustunarefni unnið úr ævintýrum.

ÞÝS403 (vorönn:

Námslýsing: Lesbókin var kláruð (kaflar 15-16) og sömu kaflar unnir í vinnubók.

Síðan voru lesnar nokkrar smásögur *Ich bin das Kind der Familie Meyer* og *Die Glücksnacht* eftir Christine Nöstlinger og einnig *Das Duschende Gespenst* eftir Georg Bydlinski. Eftir kafla 16 í lesbók unnu nemendur verkefni um Sviss; fengu upplýsingar af neti, sem þeir gerðu munnleg skil á íslensku í kennslustund. Texti um Ísland: *Island, Land und Leute* var lesinn og gerð stuttleg skil með meginspurningum. Ætlunin var að lesa 3 ævintýri, en ekki vannst tími til þess. Lesin var skáldsagan *Drei Männer im Schnee* eftir Erich Kästner. Nemendur unnu skrifleg verkefni úr texta um Ísland og einnig um valið efni úr skáldsögunni. Munnlegt próf var í lok annar, þar sem nemendur drógu efni úr skáldsögunni. Notaðar voru fyrstu 3 æfingarnar úr hlustunarefninu *Ein bisschen Panik*. Nemendur horfðu á kvikmyndina *Der Untergang* sér til gagns og gamans.

Kennslugögn: *Þýska fyrir þig 1*: lesbók, vinnubók og málfræði. Smásögur sem dreift var af kennara. Texti um Ísland: *Island, Land und Leute*. Skáldsagan: *Drei Männer im Schnee*. Hlustunarefnið *Keine Panik*. Kvikmyndin: *Der Untergang*.

V. bekkur:

Námslýsing: Lesbókin *Þýska fyrir þig 1* var kláruð. Farið var í kafla 13, 14 og 16 og sömu kaflar unnir í vinnubók. Fjölrit um veðrið var tekið til umfjöllunar samhliða kafla 13. Á haustönn voru lesin nokkur ævintýri: *Frau Holle*, *Der gestiefelte Kater*, og *Die Schilbürger* á haustönn og *Wie Eulenspiegel auf dem Seil lief*, *Eulenspiegel als Wunderdoktor* og *Der Rattenfänger* á vorönn. Orðaforði, málfræði og sérstaklega munnleg frásögn var þjálfuð í tengslum við ævintýrin. Á vorönn var textinn *Island, Land und Leute* lesinn og sendibréf til Þjóðverja unnið í kjölfarið. Í lok vorannar var skáldsagan *Drei Männer im Schnee* lesin. Gerðu nemendur efni hennar bæði munnleg skil og skrifleg og sáu kvikmynd úr efni bókarinnar.

Aukaefni í hagfræðideild: Fleiri smásögur vorur lesnar en í öðrum deildum: (*Das Miststück*, *Der Mann, der nie zu spät kam*, *Die Nacht im Hotel*, *Die Glücksnacht* og *Warte nur balde*). Eins var unnið með efni af netinu.

Kennslugögn: *Þýska fyrir þig 1*: lesbók og vinnubók. *Fjölrit um veðrið*. Ævintýri: *Deutsche Märchen und Sagen*. Smásögur: *Das duschende Gespenst*. Texti um Ísland: *Island, Land und Leute*. Skáldsagan: *Drei Männer im Schnee*. Orðabók: *Þýsk-íslensk* eftir Steinar Matthíasson **Aukaefni fyrir hagfræðideild:** *Fleiri smásögur*.

VI. bekkur:

Námslýsing: Lesnar voru smásögur úr smásagnahefti: (*Warte nur, balde, Masken, Die Nacht im Hotel, Das Miststück*) á haustönn og verkefni unnin úr þeim, eins var farið í ýmis málfræðiatríði. Á haustönn horfðu nemendur á kvikmynd: *Jenseits der Stille* og unnu verkefni tengt myndinni. Í lok haustannar var sagan *Treff mit Trimmel* eftir Friedhelm Werremeier lesin. Á vorönn voru lesnar smásögurnar *Die unwürdige Greisin* og *Der Mann, der nie zu spät kam*. Rifjuð var upp málfræði samhliða námsefninu eins og þurfa þótti. Á vorönn var lesin skáldsagan *Er hieß Jan* og innihaldi hennar gerð skil bæði í skriflegum verkefnum og munnlegri frásögn. Nemendur unnu stutt borgarverkefni, kynntu í fyrirlestrarformi með glærusýningu áhugaverða staði sem þeir heimsóttu á netinu.

Kennslugögn: *Efni af neti*. Smásagnahefti (fjölrit). Kvikmynd: *Jenseits der Stille*. Irina Korschunow: *Er hieß Jan*. *Treff mit Trimmel* eftir Friedhelm Werremeier. Orðabók: *Þýsk-íslensk* eftir Steinar Matthíasson.

Verslunarpróf, sjá www.verslo.is

Slit verslunardeildar VÍ 24. maí 2006

Ágætu kennarar og aðrir starfsmenn, fjórðubekkingar og aðrir gestir

Ég býð ykkur öll velkomin til þessarar hátíðarstundar þegar verslunardeild Verzlunarskóla Íslands verður slitið í hundraðasta og fyrsta sinn, ef ég kann að reikna.

Alls gengu 314 nemendur til prófs í fjórða bekk og hafa ekki í annan tíma verið fleiri. Af þeim hafa nú lokið verslunarprófi 221. 69 nemendur eiga endurtökurétt og munu einungis færast upp í 5. bekk ef þeir standast próf í haust. 24 nemendur náðu ekki tilskildum árangri og hverfa úr skóla nú í vor.

362 gengust undir próf í 3. bekk. 17 féllu endanlega og 36 þurfa að endurtaka áfanga eða ljúka vélritun.

Mér er það nokkurt umhugsunarefni hvað margir nemendur í 3. og 4. bekk hafa þurft að þreyta einstök próf á nýjan leik, jafnvel í þriggung. Ég veit að námsefnið gerir miklar kröfur til nemenda, og við gerum þær kröfur að þeir búi sig jafnt og þétt undir námið og árangur er undir því kominn. Nemendur sem fá skólavist hér koma inn með góðar einkunnir og því er það áhyggjuefni ef þeir telja að það eitt dugi til að sigla hér góðan byr.

